

Fjármál *og ávöxtun*

Vextir eru mál málanna:

Hverjir skiluðu bestri ávöxtun á síðasta ári?

- Ávöxtun allra innlánsreikninga í bankakerfinu.
 - Ávöxtun sjóða allra verðbréfafyrirtækjanna.
 - Ávöxtun allra séreignarlífeyrissjóða.
 - Fjármál Y-kynslóðarinnar.
 - Kauphöllin árið 2025.
 - Eignir og skuldir heimilanna.
 - Efnahagshorfur og helstu efnahagsstærðir.
 - Bankakerfið og umhverfi þess.
-

Það er þetta með núíð!



Jón G. Hauksson

Davíð Scheving Thorsteinsson og Guðmundur J. Guðmundsson tókust á um það í frægum sjónvarpsþætti hér í eina tíð hvernig ætti að skipta kökunni á milli fjármagns og vinnuafis. Þeir voru í beinni útsendingu og byrjuðu á að baka kökuna saman, þjóðarkökuna, þ.e. landsframleiðsluna. Davíð var formaður VSÍ, Vinnuveitendasambandsins, og Guðmundur J. formaður verkalýðsfélagsins Dagsbrúnar. Guðmundur gekk jafnan undir heitinu Gvendur jaki. Þeir voru miklir mátar þótt þeir tækjust oft á við samningaborðið.

Þetta var skemmtilegt uppátæki hjá Sjónvarpinu því orðalagið um það hvernig ætti að skipta kökunni var mikið notað á þessum tíma. Sama hugsun en annað sjónarhorn er skipting kökunnar í neyslu og sparnað. Það er ekki bæði hægt að borða kökuna og geyma hana. Og þar kemur núíð við sögu. Velja á milli nútiðar og framtíðar – meira að segja framtíðar með von um stærri köku og bætt líf skjör. Uppskriftin að stærri köku, öflugum hagvexti, er hráefnin sem notuð eru í hana og þar vegur fjárfesting þungt; ekki sist fjárfesting í fyrirtækjum sem skapa atvinnutækifæri og virðisauka. Sparnaður er uppspretta fjárfestinga. Lífeyrissjóðirnir eru núna helsta uppspretta sparnaðar og fjármagns á Íslandi en frjáls sparnaður einstaklinga fer vaxandi, eins og sjá má á innstæðum þeirra í bönkum og auknum áhuga á verðbréfum – líkt og sýndi sig í Íslandsbankaútböðinu sl. sumar.

En það er þetta með núíð. Oftar en ekki sjáum við á samfélagsmiðlum að lífið sé núna. Auðvitað lifum við í núinu og núvitund er tískuorð. Þetta er samt ekki alveg svona einfalt. Aldur skiptir máli. Þeir sem eru gamlir undrast hve ævin er stutt og geta sagt með ágættri samvisku þegar eyðsluklóin í þeim brýst fram að lífið sé núna. Hjá ungu fólki er lífið vissulega núna en það er líka framtíð; vegur sem þarf að varða. Þess vegna kemst það ekki upp með að lifa bara í núinu.

Hugmyndin á bak við sparnað og vexti er sú að neita sér um eitthvað í dag til að fá það margfalt til baka síðar. Sleppa skíðaferðinni í ár til að fá fleiri skíðaferðir í staðinn síðar. Sparnaður er ekki án fórna og hann getur orðið að togstreitu milli hjóna. Ungt fólk, sem lifir meira og minna frá mánuði til mánaðar og er að koma sér upp heimili og fjölskyldu, eygir yfirleitt ekki afgang og þarf að hafa mikið fyrir því að spara. Afborganir af lánum eru sparnaður – að visu þvingaður eftir á – en sparnaður samt. Kröfurnar eru miklar og þörfin fyrir að eyða er skiljanlega mikil. Hvers vegna á ég að fresta því að lifa og eyða þegar allir segja á samfélagsmiðlum að lífið sé núna? En svona er ekki hægt að hugsa. Sparnaður og fjárfestingar gera alltaf ráð fyrir að það sé framtíð. Það er fjárfest til framtíðar.

Það er í ljósi þessa sem hugmyndin kviknaði um að ræða við þrjár vinkonur sem tilheyra Y-kynslóðinni hér í blaðinu, en hún er skilgreind sem fólk fætt á árunum 1980 til 1997. Hvernig hugsar og ræðir þessi kynslóð um fjármál, sparnað og eyðslu í striti dagsins? Við gefum þessu spjalli mikið rými.

Það er alls staðar tekist á um kökuna á hverjum degi – án þess að það sé í beinni útsendingu.

Jón G. Hauksson



FORSÍÐUMYNDIN
Forsíðumyndina tók Aleksandr Zaitsev í bænum Tomar í Portúgal, sem er fyrir norðan Lissabon, og er myndin fengin í myndabankanum unsplash.com.

Fjármál og ávöxtun

1. tbl. 9. árg. 2026

Útgefandi: JGH miðlar slf.
Ritstjóri: Jón G. Hauksson
Dreifing: Fridreifing í verslunum og á vefnum
Prentun: PrentmetOddi
Umbrot: IB
Forsíðumynd: Aleksandr Zaitsev.
Mynd tekin í Portúgal.
Ábyrgðarmaður: Jón G. Hauksson
Sími: 864-5564.



Oftar en ekki sjáum við á samfélagsmiðlum að lífið sé núna. En þetta er ekki alveg svona einfalt.“

EFNISYFIRLIT

- 4

Helstu niðurstöður.
- 8

Úttektin: Listinn yfir ávöxtun bankanna og verðbréfasjóðanna.
- 20

Lífeyrissjóðir: Ávöxtun séreignarsjóðanna.
- 22

Heimilin: Markaðsvirði íbúða hækkar meira en lánin.
- 24

Kauphöllin: Viðtal við Magnús Harðarson, forstjóra Nasdaq Iceland.
- 26

Kauphöllin: Krefjandi ár að baki.
- 28

Kauphöllin: Forstjórar skráðra fyrirtækja.
- 30

Y-kynslóðin: Rætt við þrjár vinkonur af Y-kynslóðinni.
- 38

Bankarnir: Viðtal við Heiðrunu Jónsdóttur, framkvæmdastjóra SFF.
- 42

Verðlaun: Íslenska ánægjuvogin.
- 44

Viðskiptaþing.
- 46

Lokaorðið: Bolli Héðinsson, formaður Samtaka sparifjareigenda.



Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Hæsta hlutfall skylduiðgjalds í séreign á Íslandi



Kynntu þér málið á frjalsi.is



Horfurnar gætu verið betri


Sannast sagna gætu efnahagshorfurnar verið betri. Þjóðhagsspá gerir ráð fyrir 1,7% hagvexti á þessu ári en ýmsar aðrar hagstærðir eru með þeim hætti að efast má um að þessi hagvöxtur náist. Atvinnuleysi er að aukast á sama tíma og verðbólgan er á uppleið og ekki útlit fyrir að stýrivextir lækki á næstunni.

Það er mjög krefjandi fyrir atvinnulífið að vera með svo háa vexti um langt skeið. Vandinn er lítill hagvöxtur, aukið atvinnuleysi, óseldar íbúðir á fasteignamarkaði, óáran hjá Norðuráli, færri ferðamenn og á sama tíma aukin ríkisútgjöld, verðbólga og háir vextir.

Efnahagshorfur undir þessum kringumstæðum gætu verið betri!

- Verðbólga 5,2%.
- Stýrivextir 7,25%.
- Atvinnuleysi úr 4,8% í 7,3% í jan.
- Um 17.400 manns atvinnulausir.
- Landsframléiðsla 4.600 milljarðar kr.
- Eignir lífeyrissjóða 9.000 milljarðar kr.
- Spá Hagstofunnar 1,7% hagvöxtur.
- Minni vetrartraffíkur ferðamanna.
- Gistinóttum á hótélum fækkaði um 7% í jan.
- Dollarinn veikur – dýrara fyrir Bandaríkjamenn að koma til landsins.
- Óseldar íbúðir í Reykjavík hlaðast upp.
- Útgjöld fjárlaga komin í 1.600 milljarða kr.
- Auknar skattahækkanir til að mæta útgjöldum.
- Hvenær nær Norðurál aftur fullum dampi?

HAGVÖXTUR SÍÐUSTU ÁTTA FJÓRDUNGA		
3. ársfj. 2025		0,2%
2. ársfj. 2025		-0,3%
1. ársfj. 2025		2,0%
4. ársfj. 2024		-2,0%
3. ársfj. 2024		0,8%
2. ársfj. 2024		-2,0%
1. ársfj. 2024		-1,5%
4. ársfj. 2023		-0,5%



Stýrivextir háir á sama tíma og samdráttarmerki sjást.

Helstu niðurstöður:

BESTA ÁVÖXTUNIN 2025

HVERJIR SKILUÐU **BESTRI ÁVÖXTUN** Á SÍÐASTA ÁRI?

Texti: Jón G. Hauksson



Benedikt Gíslason,
bankastjóri Arion banka.



Kjartan Smári Höskuldsson,
framkvæmdastjóri Íslandssjóða.



Aron Gunnarsson,
framkvæmdastjóri ÍV sjóða.



Jón Guðni Ómarsson,
bankastjóri Íslandsbanka.



Hannes Frimann Hrólfsson,
framkvæmdas. Kviku eignastýringar.



Lilja Björk Einarsdóttir,
bankastjóri Landsbankans.



Helgi Þ. Arason,
framkvæmdastjóri Landsbréfa.



Ármann Þorvaldsson,
bankastjóri Kviku.



Örn Þorsteinsson,
framkvæmdastjóri Akta.



Tryggvi Björn Davíðsson,
frkvstj. Indó



Jón Finnbogason,
framkvæmdastjóri Stefnis

Það þarf ekki að líta lengi yfir ávöxtunina á síðasta ári í þessari könnun okkar til að sjá að bankarnir koma verulega á óvart annað árið í röð með ágætri ávöxtun á mörgum reikningum og skáka hlutabréfum og mörgum sjóðum verðbréfafyrirtækjanna. Arion banki er með flesta reikninga sem skila bestri ávöxtun. Almennt séð var nýliðið ár krefjandi á hlutabréfamarkaði vegna verðbólgu og hárra vaxta og við þær aðstæður verður samkeppni hlutabréfa við innstæður almennings í bönkum mun erfiðari – ekki síst vegna þess að bankarnir bjóða og lofa fyrir fram ávöxtun.

ARION MEÐ FIMM AF ÁTTA HÆSTU

Arion banki var með fimm innlánsreikninga með yfir **8% nafn-ávöxtun**, Landsbankinn tvo og Íslandsbanki einn. Indó og Kvika náðu ekki upp fyrir þau mörk.

Bankarnir fjórir voru með **33 innlánsreikninga** yfir **7% árs-ávöxtun**, þar af var Arion með **10** og Landsbanki með **10** innlánsreikninga.

Það vekur athygli að engir verðtryggðir reikningar bankanna voru á meðal þeirra **33 innlánsreikninga** sem náðu yfir **7% ávöxtun** og skýrist það af því að þeir bera lága vexti og verðbólgan á síðasta ári var um **3,7%**.

8 INNLÁNSREIKNINGAR MEÐ YFIR 8% NAFNÁVÖXTUN

Arion banki	Íbúðasparnaður	8,20%
Arion banki	Vöxtur fastir vextir 3 mánaða	8,20%
Landsbanki	Fasteignagr. óverðtryggður	8,15%
Landsbanki	Framtíðargr. óverðtryggður	8,15%
Íslandsbanki	Húsnaðissparnaður óvt.	8,04%
Arion banki	Vöxtur fastir vextir 6 mánaða	8,03%
Arion banki	Vöxtur fastir vextir 9 mánaða	8,03%
Arion banki	Vöxtur fastir vextir 12 mánaða	8,05%

Það voru átta innlánsreikningar bankanna með yfir 8% ávöxtun og alls 33 með yfir 7% nafnávöxtun. Engir verðtryggðir reikningar bankanna voru þar á meðal.



Kauphöllin í Tókýó. Nikkei-vísitalan hækkaði um 53% á síðasta ári.



Nautið fræga á Wall Street. Dow Jones hækkaði um 13% og S&P 500 um 16% á síðasta ári.

EINSTAKLINGAR MEÐ 1.800 MILLJARÐA

Einstaklingar eiga núna um **1.800 milljarða króna** inni á banka-reikningum. Ekki fæst upplýst hversu stór hluti af þessu fé er á verðtryggðum reikningum. Þetta er vissulega mikil innstæða, sem einstaklingar eiga í bönkunum, en þess má geta að Íslands-bankaútboðið sl. sumar var **90 milljarðar** eða um **5%** af því sem einstaklingar geyma á reikningum í bönkunum.

ÞAÐ HALLAÐI Á VERÐBRÉFASJÓÐINA

Ávöxtun sjóða verðbréfafyrirtækjanna á síðasta ári var áberandi slakari en árið 2024 og þar má sjá þó nokkra sjóði rauða, þ.e. með neikvæða ávöxtun. Það sem meira er; það voru aðeins þrír verðbréfasjóðir sem skiluðu nafnávöxtun yfir **10%** og verður það að teljast óvenju slakt. Gengi Úrvalsvísitölunnar í Kauphöllinni lækkaði um rúm **2%** á síðasta ári. Það sem af er þessu ári hefur hún átt mjög erfitt með að vippan sér yfir **þrjú þúsund stiga slána**. Almennt féllu allir markaðir niður í byrjun apríl á síðasta ári þegar Trump, forseti Bandaríkjanna, tilkynnti mikla tolla. Markaðir tóku nokkrum dögum síðar vel við sér aftur og náðu stóru erlendu hlutabréfamarkaðirnir sér betur á strik en sá íslenski og helstu hlutabréfavísitölur heims skiluðu ágætum árangri þegar upp var staðið – þótt Japan hafi toppað allt.

TÓKÝÓ TOPPAR ALLT

Nikkei-vísitalan í Tókýó toppaði alla hlutabréfamarkaði á síðasta ári og hækkaði um **53%**. Engin smá hækkun það. Í Bandaríkjunum hækkaði **Dow Jones** um **13%** og **S&P 500** um **16%**. Í Evrópu hækkaði **FTSE 100** í London um **24%** og **DAX-vísitalan** í Frankfurt um **12%**.

ÁVÖXTUN LÍFEYRISSJÓÐANNA

Lífeyrissjóðirnir stóðu sig ágætlega og var raunávöxtun þeirra í heild um **2,6%** á síðasta ári og skiluðu þó nokkrir séreignarsjóðirnir ágætri útkomu. Eignir íslensku lífeyris-sjóðanna nálgast núna **9.000 milljarða** (um tvöföld lands-framleiðsla) og þar af geyma sjóðirnir um **3.700 milljarða erlendis**, í öðrum hagkerfum, til að dreifa áhættunni.

ÍBÚÐAVERÐ HÆKKAR MEIRA EN LÁNIN

Húsnæðisverð hélt áfram að hækka sem leiddi til **10%** hækkunar fasteignamats í byrjun þessa árs. Hækkunin miðast við verð íbúða um miðjan maí í fyrra. Gamla góða steypa stendur því enn fyrir sínu sem kostur í fjárfestingum. Fram kemur í yfirliti Hagstofunnar um eignir og skuldir heimila, en þau gögn eru unnin upp úr skattskýrslum og ná því aðeins til ársloka 2024, að markaðsvirði íbúða heldur áfram að hækka meira en lánin. Heildarvirði íbúða er um **10.000 milljarðar** og íbúðalán á móti um **2.500 milljarðar** þannig að eigið fé heimilanna í íbúðum er núna um **7.500 milljarðar** og jókst um **300 milljarða** á milli ára.

GULL OG GRÆNIR SKÓGAR

Gull heldur áfram að hækka eins og enginn sé morgundagur-inn og hefur reynst firnagóður kostur í fjárfestingum. Verðið stendur núna í kringum **5.200 dollara** únsan. Hugsið ykkur, það var um mitt ár 2024 sem gullið byrjaði að hækka eftir að hafa verið í kringum tvö þúsund dollara únsan til margra ára. Þetta er tröllvaxin hækkun, um **160%**, á um tveimur árum. – JGH

KOMDU Í REIKNINGS-VIÐSKIPTI

- Fyrirtækjapjónusta
- Stjórn á úttektaraðilum
- Fjölbreytt vöruúrval
- Stór vörulager
- Sérpantanir



ÍSLENSKA
ÁNÆGJUVOGIN
Ánægðustu viðskiptavinirnir á raftækjamarkaði

VEGNA VERÐTRYGGINGAR.
Notuð er vísitala neysluverðs til verðtryggingar frá jan. 2025 til jan. 2026.

Hækkun = **1,037025**
Eða 3,7% verðbólga á árinu 2025.

Ath.
Nafnávöxtun bankanna er sú ávöxtun sem bankar tilkynna þeim eigendum innlánsreikninga í árslok sem ekki hafa hreyft við innstæðu sinni yfir árið.

Öhreyfð 1 milljón inni á reikningi yfir árið.

Ávöxtunin er því staða reikningsins í lok árs eftir þær vaxtahækkanir og ávöxtun sem hefur orðið innan ársins.

Benedikt Gíslason,
bankastjóri Arion banka.

Arion banki – 2025

VIRKNI REIKNINGS	HEITI REIKNINGS	Höfuðstóll í upphafi árs	Nafn-ávöxtun í % 2025	Ávöxtun kr.	Höfuðstóll í árslok	Raun-ávöxtun í % 2025	Fjármagns-tekjuskattur 22%	Höfuð-stóll eftir fjármagns-tekjuskatt í árslok	Raun-ávöxtun eftir skatta í % 2025
Veltureikningar	Almennur reikningur	1.000.000	0,25%	2.500	1.002.500	-3,33%	550	1.001.950	-3,38%
	Premium 50+	1.000.000	6,30%	63.000	1.063.000	2,50%	13.860	1.049.140	1,17%
Óverðtryggðir óbundnir sparnaðarreikningar	Vöxtur óbundinn þrep 1	1.000.000	6,18%	61.800	1.061.800	2,39%	13.596	1.048.204	1,08%
	Vöxtur óbundinn þrep 2	1.000.000	6,28%	62.800	1.062.800	2,49%	13.816	1.048.984	1,15%
	Vöxtur óbundinn þrep 3	1.000.000	6,38%	63.800	1.063.800	2,58%	14.036	1.049.764	1,23%
	Vöxtur óbundinn þrep 4	1.000.000	6,48%	64.800	1.064.800	2,68%	14.256	1.050.544	1,30%
	Grænn vöxtur	1.000.000	6,02%	60.200	1.060.200	2,23%	13.244	1.046.956	0,96%
Óverðtryggðir skammtímabundnir sparnaðarreikningar	Vöxtur 30 dagar þrep 1	1.000.000	7,30%	73.000	1.073.000	3,47%	16.060	1.056.940	1,92%
	Vöxtur 30 dagar þrep 2	1.000.000	7,30%	73.000	1.073.000	3,47%	16.060	1.056.940	1,92%
	Vöxtur 30 dagar þrep 3	1.000.000	7,41%	74.100	1.074.100	3,58%	16.302	1.057.798	2,00%
	Vöxtur 30 dagar þrep 4	1.000.000	7,62%	76.200	1.076.200	3,78%	16.764	1.059.436	2,16%
	Vöxtur 30 dagar þrep 5	1.000.000	7,73%	77.300	1.077.300	3,88%	17.006	1.060.294	2,24%
* Óverðtryggður íbúðasparnaður	Íbúðasparnaður	1.000.000	8,20%	82.000	1.082.000	4,34%	18.040	1.063.960	2,60%
*Fastvaxtareikningar	Vöxtur fastir vextir 3 mánaða	1.000.000	8,20%	82.000	1.082.000	4,34%	18.040	1.063.960	2,60%
	Vöxtur fastir vextir 6 mánaða	1.000.000	8,03%	80.300	1.080.300	4,17%	17.666	1.062.634	2,47%
	Vöxtur fastir vextir 9 mánaða	1.000.000	8,03%	80.300	1.080.300	4,17%	17.666	1.062.634	2,47%
	Vöxtur fastir vextir 12 mánaða	1.000.000	8,05%	80.500	1.080.500	4,19%	17.710	1.062.790	2,48%
Verðtryggðir reikningar	Framtíðarreikningur	1.000.000	6,49%	64.900	1.064.900	2,69%	14.278	1.050.622	1,31%
	Lífeyrissparnaður	1.000.000	5,96%	59.600	1.059.600	2,18%	13.112	1.046.488	0,91%
	*Vöxtur verðtryggður 90	1.000.000	5,78%	57.800	1.057.800	2,00%	12.716	1.045.084	0,78%

* Vöxtur verðtryggður 90 er óbundinn en með 90 daga úttektarfyrirvara.

* Íbúðasparnaður Arionbanka er ólíkur þeim sem eru hjá öðrum innlánastofnunum að ýmsu leyti - hann er einungis bundinn fyrstu 11 mánuði frá fyrstu innlögn, en þar á eftir er hann eins og vöxtur 30, með 30 daga úttektarfyrirvara.

Þá má stofna Arionbankareikninginn frá 13 ára aldri (fermingarárið), en það er ekki þannig hjá öðrum.

* Fastvaxtareikningarnir eru tímabundnir, þ.a. við notum þá aðferð að viðskiptavinurinn fái peningana út og setji þá strax aftur inn á samskonar reikning með þeim vöxtum sem eru í gildi þá.

Jón Guðni Ómarsson,
bankastjóri Íslandsbanka.

Íslandsbanki – 2025

VIRKNI REIKNINGS	HEITI REIKNINGS	Höfuðstóll í upphafi árs	Nafn-ávöxtun í % 2025	Ávöxtun kr.	Höfuðstóll í árslok	Raun-ávöxtun í % 2025	Fjármagns-tekjuskattur 22%	Höfuð-stóll eftir fjármagns-tekjuskatt í árslok	Raun-ávöxtun eftir skatta í % 2025
Veltureikningar	Einstaklingar	1.000.000	0,54%	5.400	1.005.400	-3,05%	1.188	1.004.212	-3,16%
	Gullvild	1.000.000	0,54%	5.400	1.005.400	-3,05%	1.188	1.004.212	-3,16%
	Platinum	1.000.000	0,54%	5.400	1.005.400	-3,05%	1.188	1.004.212	-3,16%
	Námsvild	1.000.000	0,54%	5.400	1.005.400	-3,05%	1.188	1.004.212	-3,16%
	Heiðursmerki	1.000.000	6,19%	61.900	1.061.900	2,40%	13.618	1.048.282	1,09%
	Heiðursmerki 1 þrep	1.000.000	6,24%	62.400	1.062.400	2,45%	13.728	1.048.672	1,12%
	Heiðursmerki 2 þrep	1.000.000	6,24%	62.400	1.062.400	2,45%	13.728	1.048.672	1,12%
	Vaxtasproti	1.000.000	5,84%	58.400	1.058.400	2,06%	12.848	1.045.552	0,82%
	Sjálfbær sparnaður	1.000.000	6,09%	60.900	1.060.900	2,30%	13.398	1.047.502	1,01%
	Ávöxtun	1.000.000	7,00%	70.000	1.070.000	3,18%	15.400	1.054.600	1,69%
Óverðtryggðir bundnir reikningar	Fastvaxta reikningur 1	1.000.000	7,32%	73.200	1.073.200	3,49%	16.104	1.057.096	1,94%
	Fastvaxta reikningur 3	1.000.000	7,82%	78.200	1.078.200	3,97%	17.204	1.060.996	2,31%
	Fastvaxta reikningur 6	1.000.000	7,77%	77.700	1.077.700	3,92%	17.094	1.060.606	2,27%
	Fastvaxta reikningur 12	1.000.000	7,61%	76.100	1.076.100	3,77%	16.742	1.059.358	2,15%
	Húsnæðissparnaður óvt	1.000.000	8,04%	80.400	1.080.400	4,18%	17.688	1.062.712	2,48%
Skammtímabundnir reikningar	Vaxtaþrep 30 Grunnþrep	1.000.000	6,64%	66.400	1.066.400	2,83%	14.608	1.051.792	1,42%
	Vaxtaþrep 30 1 þrep	1.000.000	6,74%	67.400	1.067.400	2,93%	14.828	1.052.572	1,50%
	Vaxtaþrep 30 2 þrep	1.000.000	7,04%	70.400	1.070.400	3,22%	15.488	1.054.912	1,72%
	Vaxtaþrep 30 3 þrep	1.000.000	7,24%	72.400	1.072.400	3,41%	15.928	1.056.472	1,88%
Fjárhæðaðþrep	Vaxtaþrep 1 þrep	1.000.000	5,99%	59.900	1.059.900	2,21%	13.178	1.046.722	0,94%
	Vaxtaþrep 2 þrep	1.000.000	6,04%	60.400	1.060.400	2,25%	13.288	1.047.112	0,97%
	Vaxtaþrep 3 þrep	1.000.000	6,09%	60.900	1.060.900	2,30%	13.398	1.047.502	1,01%
	Vaxtaþrep 4 þrep	1.000.000	6,14%	61.400	1.061.400	2,35%	13.508	1.047.892	1,05%
	Vaxtaþrep 5 þrep	1.000.000	6,19%	61.900	1.061.900	2,40%	13.618	1.048.282	1,09%
Verðtryggt	Sparileið 36	1.000.000	5,53%	55.300	1.055.300	1,76%	12.166	1.043.134	0,59%
	*Ávöxtun verðtryggður	1.000.000	5,53%	55.300	1.055.300	1,76%	12.166	1.043.134	0,59%
	Framtíðarreikningur	1.000.000	6,33%	63.300	1.063.300	2,53%	13.926	1.049.374	1,19%
	Húsnæðissparnaður vtr	1.000.000	5,98%	59.800	1.059.800	2,20%	13.156	1.046.644	0,93%

* Ávöxtun verðtryggðu er óbundinn en með 90 daga úttektarfyrirvara.



Lilja Björk Einarsdóttir,
bankastjóri Landsbankans.

Landsbankinn – 2025

VIRKNI REIKNINGS	HEITI REIKNINGS	Höfuðstóll í upphafi árs	Nafn- ávöxtun í % 2025	Ávöxtun kr.	Höfuðstóll í árslok	Raun- ávöxtun í % 2025	Fjármagns- tekjuskattur 22%	Höfuð- stóll eftir fjármagns- tekjuskatt í árslok	Raun- ávöxtun eftir skatta í % 2025
Veltureikningar	Almennir tékkareikningar	1.000.000	1,16%	11.600	1.011.600	-2,45%	2.552	1.009.048	-2,70%
	Vörðu: Innst. 0-250.000	1.000.000	1,16%	11.600	1.011.600	-2,45%	2.552	1.009.048	-2,70%
	Vörðu: Innst. Yfir 250.000	1.000.000	1,31%	13.100	1.013.100	-2,31%	2.882	1.010.218	-2,58%
Óverðtryggðir reikningar	Markmið	1.000.000	7,10%	71.000	1.071.000	3,28%	15.620	1.055.380	1,77%
	Vaxtareikningur, 0-999.999 kr.	1.000.000	6,13%	61.300	1.061.300	2,34%	13.486	1.047.814	1,04%
	Vaxtareikningur, 1.000.000-4.999.999	1.000.000	6,23%	62.300	1.062.300	2,44%	13.706	1.048.594	1,12%
	Vaxtareikningur, 5.000.000-19.999.999	1.000.000	6,33%	63.300	1.063.300	2,53%	13.926	1.049.374	1,19%
	Vaxtareikningur yfir 20.000.000	1.000.000	6,43%	64.300	1.064.300	2,63%	14.146	1.050.154	1,27%
	Vaxtareikn. Varðan 60, innan við 20.000.000	1.000.000	6,33%	63.300	1.063.300	2,53%	13.926	1.049.374	1,19%
	Vaxtareikn. Varðan 60 yfir 20.000.000	1.000.000	6,43%	64.300	1.064.300	2,63%	14.146	1.050.154	1,27%
Vaxtareikningur 30	Vaxtareikningur 30, 0-999.999 kr.	1.000.000	6,70%	67.000	1.067.000	2,89%	14.740	1.052.260	1,47%
	Vaxtareikningur 30, 1.000.000-4.999.999	1.000.000	6,90%	69.000	1.069.000	3,08%	15.180	1.053.820	1,62%
	Vaxtareikningur 30, 5.000.000-19.999.999	1.000.000	7,10%	71.000	1.071.000	3,28%	15.620	1.055.380	1,77%
	Vaxtareikningur 30, 20.000.000-59.999.999	1.000.000	7,30%	73.000	1.073.000	3,47%	16.060	1.056.940	1,92%
	Vaxtareikningur 30, yfir 60.000.000	1.000.000	7,50%	75.000	1.075.000	3,66%	16.500	1.058.500	2,07%
Óverðtryggðir bundnir reikningar	Fasteignagr. Óverðtryggður	1.000.000	8,15%	81.500	1.081.500	4,29%	17.930	1.063.570	2,56%
	Framtíðargr. Óverðtryggður	1.000.000	8,15%	81.500	1.081.500	4,29%	17.930	1.063.570	2,56%
	Fastvaxtareikn. til 3 mán.	1.000.000	7,39%	73.900	1.073.900	3,56%	16.258	1.057.642	1,99%
	Fastvaxtareikn. til 6 mán.	1.000.000	7,41%	74.100	1.074.100	3,58%	16.302	1.057.798	2,00%
	Fastvaxtareikn. til 12 mán.	1.000.000	7,41%	74.100	1.074.100	3,58%	16.302	1.057.798	2,00%
	Fastvaxtareikn. til 24 mán	1.000.000	7,43%	74.300	1.074.300	3,59%	16.346	1.057.954	2,02%
Verðtryggðir reikningar	Fasteignagrunnur	1.000.000	6,34%	63.400	1.063.400	2,54%	13.948	1.049.452	1,20%
	Framtíðargrunnur	1.000.000	6,34%	63.400	1.063.400	2,54%	13.948	1.049.452	1,20%
	*Landsbók	1.000.000	5,62%	56.200	1.056.200	1,85%	12.364	1.043.836	0,66%

* Landsbók bundin í 11 mánuði svo laus með 31 dags úttektarfyrirvara

NÝSKÖPUN Í
SJÁVARÚTVEGI

Kvika – 2025

Ármann Þorvaldsson,
bankastjóri Kviku.



VIRKNI REIKNINGS	HEITI REIKNINGS	Höfuðstóll í upphafi árs	Nafn- ávöxtun í % 2025	Ávöxtun kr.	Höfuðstóll í árslok	Raun- ávöxtun í % 2025	Fjármagns- tekjuskattur 22%	Höfuð- stóll eftir fjármagns- tekjuskatt í árslok	Raun- ávöxtun eftir skatta í % 2025
Veltureikningur	Debetreikningur	1.000.000	0,63%	6.264	1.006.264	-2,97%	1.378	1.004.886	-3,10%
Óverðtryggðir og óbundnir	Innstæða	1.000.000	2,45%	24.500	1.024.500	-1,21%	5.390	1.019.110	-1,73%
	60+ (F.60 ára og eldri)	1.000.000	3,40%	34.000	1.034.000	-0,29%	7.480	1.026.520	-1,01%
	Auður (vextir greiddir mánaðarlega)	1.000.000	7,09%	70.900	1.070.900	3,27%	15.598	1.055.302	1,76%
	Auður fyrirtæki	1.000.000	6,69%	66.900	1.066.900	2,88%	14.718	1.052.182	1,46%
Óverðtryggðir og bundnir	31D (31 dags úttektarvirv.) lágmi 10 mkr	1.000.000	3,28%	32.764	1.032.764	-0,41%	7.208	1.025.556	-1,11%
	31D (31 dags úttektarvirv.) lágmi 50 mkr	1.000.000	3,28%	32.764	1.032.764	-0,41%	7.208	1.025.556	-1,11%
	*Auður 6 mánaða (vextir greiddir mánaðarlega)	1.000.000	7,34%	73.386	1.073.386	3,51%	16.145	1.057.241	1,95%
	*Auður 12 mánaða (vextir greiddir mánaðarlega)	1.000.000	7,26%	72.606	1.072.606	3,43%	15.973	1.056.632	1,89%
	*Auður 3 mánaða (vextir greiddir mánaðarlega)	1.000.000	7,39%	73.947	1.073.947	3,56%	16.268	1.057.679	1,99%
Verðtryggðir reikningar	36 mán (Bundinn í 36 mán.)	1.000.000	4,16%	41.600	1.041.600	0,44%	9.152	1.032.448	-0,44%
	60 mán (Bundinn í 60 mán.)	1.000.000	4,58%	45.800	1.045.800	0,85%	10.076	1.035.724	-0,13%
	Framtíð - Bundinn til 18 ára aldurs	1.000.000	6,39%	63.900	1.063.900	2,59%	14.058	1.049.842	1,24%
	60+ (Bundinn. í 36 mán./Fyrir 60 ára+)	1.000.000	4,42%	44.200	1.044.200	0,69%	9.724	1.034.476	-0,25%

* Á Auði 3, 6 og 12 mánaða reikningum eru fastvaxtareikningar; vextir breytast ekki á tímabilinu á þegar stofnuðum reikningum.
Nýir reikningar fá þá prósentu sem er gild á stofnþegi og er hún óbreytt þar til reikningur er eyðilagður að binditíma loknum.

Tryggvi Björn Davíðsson,
frkvstj. Indó



Indó – 2025

VIRKNI REIKNINGS	HEITI REIKNINGS	Höfuðstóll í upphafi árs	Nafn- ávöxtun í % 2025	Ávöxtun kr.	Höfuðstóll í árslok	Raun- ávöxtun í % 2025	Fjármagns- tekjuskattur 22%	Höfuð- stóll eftir fjármagns- tekjuskatt í árslok	Raun- ávöxtun eftir skatta í % 2025
Veltureikningur	Debetreikningur	1.000.000	2,15%	21.496	1.021.496	-1,50%	4.729	1.016.767	-1,95%
Sparireikningur	Sparibaukur	1.000.000	7,01%	70.056	1.070.056	3,19%	15.412	1.054.644	1,70%



Sjóðir Íslandssjóða – 2025

Kjartan Smári Höskuldsson,
framkvæmdastjóri Íslandssjóða.



VIRKNI REIKNINGS	HEITI REIKNINGS	Höfuðstóll í upphafi árs	Nafn- ávöxtun í % 2025	Ávöxtun kr.	Höfuðstóll í árslok	Raun- ávöxtun í % 2025	Fjármagns- tekjuskattur 22%	Höfuð- stóll eftir fjármagns- tekjuskatt í árslok	Raun- ávöxtun eftir skatta í % 2025
Skuldabréfasjóðir	IS Lausafjársafn	1.000.000	7,80%	78.000	1.078.000	3,95%	17.160	1.060.840	2,30%
	IS Veltusafn	1.000.000	8,10%	81.000	1.081.000	4,24%	17.820	1.063.180	2,52%
	*IS Ríkisskuldabréf stutt	1.000.000	7,80%	78.000	1.078.000	3,95%	17.160	1.060.840	2,30%
	IS Ríkisskuldabréf meðallöng	1.000.000	7,10%	71.000	1.071.000	3,28%	15.620	1.055.380	1,77%
	IS Ríkisskuldabréf löng	1.000.000	5,80%	58.000	1.058.000	2,02%	12.760	1.045.240	0,79%
	IS Skuldabréfasafn	1.000.000	8,80%	88.000	1.088.000	4,92%	19.360	1.068.640	3,05%
	IS Græn skuldabréf	1.000.000	7,60%	76.000	1.076.000	3,76%	16.720	1.059.280	2,15%
	IS Ríkisskuldabréf óverðtryggð	1.000.000	7,40%	74.000	1.074.000	3,57%	16.280	1.057.720	2,00%
	IS Sértryggð skuldabréf	1.000.000	7,70%	77.000	1.077.000	3,85%	16.940	1.060.060	2,22%
	IS Sértryggð skuldabréf VTR	1.000.000	7,60%	76.000	1.076.000	3,76%	16.720	1.059.280	2,15%
	IS Vaxtastefna	1.000.000	8,00%	80.000	1.080.000	4,14%	17.600	1.062.400	2,45%
	Eignasafn	1.000.000	0,20%	2.000	1.002.000	-3,38%	440	1.001.560	-3,42%
Blandaðir sjóðir	Eignasafn - Ríki og sjóðir	1.000.000	6,80%	68.000	1.068.000	2,99%	14.960	1.053.040	1,54%
	IS Einkasafn A, flokkur A	1.000.000	7,80%	78.000	1.078.000	3,95%	17.160	1.060.840	2,30%
	IS Einkasafn B, flokkur A	1.000.000	4,40%	44.000	1.044.000	0,67%	9.680	1.034.320	-0,26%
	IS Einkasafn C, flokkur A	1.000.000	1,30%	13.000	1.013.000	-2,32%	2.860	1.010.140	-2,59%
	IS Einkasafn D, flokkur A	1.000.000	-2,80%	-28.000	972.000	-6,27%	0	972.000	-6,27%
	IS Einkasafn E, flokkur A	1.000.000	-6,70%	-67.000	933.000	-10,03%	0	933.000	-10,03%
	IS Einkasafn Erlent (ISK flokkur A)	1.000.000	5,90%	59.000	1.059.000	2,12%	12.980	1.046.020	0,87%
	IS Einkasafn Erlent (USD flokkur A)	1.000.000	16,60%	166.000	1.166.000	12,44%	36.520	1.129.480	8,92%
	IS Einkasafn A, flokkur B	1.000.000	8,20%	82.000	1.082.000	4,34%	18.040	1.063.960	2,60%
Sjóðir Einkabanka- þjónustu	IS Einkasafn B, flokkur B	1.000.000	5,00%	50.000	1.050.000	1,25%	11.000	1.039.000	0,19%
	IS Einkasafn C, flokkur B	1.000.000	2,00%	20.000	1.020.000	-1,64%	4.400	1.015.600	-2,07%
	IS Einkasafn D, flokkur B	1.000.000	-2,20%	-22.000	978.000	-5,69%	0	978.000	-5,69%
	IS Einkasafn E, flokkur B	1.000.000	-6,10%	-61.000	939.000	-9,45%	0	939.000	-9,45%
	IS Einkasafn Erlent (ISK flokkur B)	1.000.000	6,60%	66.000	1.066.000	2,79%	14.520	1.051.480	1,39%
	IS Einkasafn Erlent (USD flokkur B)	1.000.000	17,30%	173.000	1.173.000	13,11%	38.060	1.134.940	9,44%
	IS Úrvalsvísitölusjóðurinn	1.000.000	0,20%	2.000	1.002.000	-3,38%	440	1.001.560	-3,42%
	IS Hlutabréfasjóðurinn	1.000.000	-14,10%	-141.000	859.000	-17,17%	0	859.000	-17,17%
Hlutabréfasjóðir	IS EQUUS hlutabréf	1.000.000	-20,50%	-205.000	795.000	-23,34%	0	795.000	-23,34%
	IS Heimssafn	1.000.000	5,60%	56.000	1.056.000	1,83%	12.320	1.043.680	0,64%

Fjármagnstekjuskattur kemur aðeins til greiðslu við innlausn hlutdeildarskírteina sjóða.

* IS Ríkisskuldabréf stutt hét áður IS Ríkissafn.



ÍV sjóðir – 2025

Aron Gunnarsson,
framkvæmdastjóri ÍV sjóða.



VIRKNI REIKNINGS	HEITI REIKNINGS	Höfuðstóll í upphafi árs	Nafn- ávöxtun í % 2025	Ávöxtun kr.	Höfuðstóll í árslok	Raun- ávöxtun í % 2025	Fjármagns- tekjuskattur 22%	Höfuð- stóll eftir fjármagns- tekjuskatt í árslok	Raun- ávöxtun eftir skatta í % 2025
Lausafjársjóðir	ÍV Skammtímasjóður	1.000.000	7,96%	79.600	1.079.600	4,11%	17.512	1.062.088	2,42%
	ÍV Skammtímasjóður plús	1.000.000	8,51%	85.100	1.085.100	4,64%	18.722	1.066.378	2,83%
Ríkisskuldabréfasjóðir	ÍV Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa	1.000.000	6,78%	67.800	1.067.800	2,97%	14.916	1.052.884	1,53%
	ÍV Ríkisskuldabréfasjóður	1.000.000	5,85%	58.500	1.058.500	2,07%	12.870	1.045.630	0,83%
Innlend skuldab. og innlán	ÍV Skuldabréfasafn	1.000.000	4,84%	48.400	1.048.400	1,10%	10.648	1.037.752	0,07%
	ÍV Sparisafn	1.000.000	7,60%	76.000	1.076.000	3,76%	16.720	1.059.280	2,15%
	ÍV Skuldabréf	1.000.000	7,80%	78.000	1.078.000	3,95%	17.160	1.060.840	2,30%
Eignastýringarsjóðir	ÍV Eignasafn I	1.000.000	4,04%	40.400	1.040.400	0,33%	8.888	1.031.512	-0,53%
	ÍV Eignasafn II	1.000.000	3,54%	35.400	1.035.400	-0,16%	7.788	1.027.612	-0,91%
	ÍV Eignasafn III	1.000.000	2,02%	20.200	1.020.200	-1,62%	4.444	1.015.756	-2,05%
	ÍV Eignasafn IV	1.000.000	1,58%	15.800	1.015.800	-2,05%	3.476	1.012.324	-2,38%
Innlendir hlutabréfasjóðir	ÍV Íslensk hlutabréf - Aðallisti hs.	1.000.000	-2,67%	-26.700	973.300	-6,14%	0	973.300	-6,14%
	ÍV Hlutabréf	1.000.000	-7,29%	-72.900	927.100	-10,60%	0	927.100	-10,60%
Erlendir skuldabréfasjóðir	ÍV Erlent skuldabréfasafn	1.000.000	1,62%	16.200	1.016.200	-2,01%	3.564	1.012.636	-2,35%
Alþjóðlegir hlutabréfasjóðir	ÍV Alþjóðlegur hlutabréfasjóður	1.000.000	9,24%	92.400	1.092.400	5,34%	20.328	1.072.072	3,38%
	ÍV Erlent hlutabréfasafn	1.000.000	8,54%	85.400	1.085.400	4,66%	18.788	1.066.612	2,85%

Fjármagnstekjuskattur kemur aðeins til greiðslu við innlausn hlutdeildarskírteina sjóða.

Sjóðir Kviku eignastýringar – 2025

Hannes Frímann Hrólfsson,
framkvæmdastjóri Kviku eignastýringar.



VIRKNI REIKNINGS	HEITI REIKNINGS	Höfuðstóll í upphafi árs	Nafn- ávöxtun í % 2025	Ávöxtun kr.	Höfuðstóll í árslok	Raun- ávöxtun í % 2025	Fjármagns- tekjuskattur 22%	Höfuð- stóll eftir fjármagns- tekjuskatt í árslok	Raun- ávöxtun eftir skatta í % 2025
Lausafjársjóður	Kvika - Lausafjársjóður	1.000.000	8,26%	82.600	1.082.600	4,39%	18.172	1.064.428	2,64%
Skuldabréfasjóðir	Kvika - Ríkisskuldabréfavisitala	1.000.000	6,31%	63.100	1.063.100	2,51%	13.882	1.049.218	1,18%
	Kvika - Ríkisverðbréf	1.000.000	8,03%	80.300	1.080.300	4,17%	17.666	1.062.634	2,47%
	Kvika - Ríkisverðbréf stutt	1.000.000	7,22%	72.200	1.072.200	3,39%	15.884	1.056.316	1,86%
	Kvika - Stutt skuldabréf	1.000.000	8,96%	89.600	1.089.600	5,07%	19.712	1.069.888	3,17%
	Kvika - Sértryggð skuldabréf	1.000.000	8,04%	80.400	1.080.400	4,18%	17.688	1.062.712	2,48%
	Kvika - Innlend skuldabréf	1.000.000	7,82%	78.200	1.078.200	3,97%	17.204	1.060.996	2,31%
	Kvika - Hlutabréfavisitala	1.000.000	-7,20%	-72.000	928.000	-10,51%	0	928.000	-10,51%
Hlutabréfasjóðir	Kvika - Innlend hlutabréf	1.000.000	-16,54%	-165.400	834.600	-19,52%	0	834.600	-19,52%
Blandaðir sjóðir	Kvika Eignaleið I - Skuldabréfasafn	1.000.000	7,55%	75.500	1.075.500	3,71%	16.610	1.058.890	2,11%
	Kvika Eignaleið II - Varfærið safn	1.000.000	3,89%	38.900	1.038.900	0,18%	8.558	1.030.342	-0,64%
	Kvika Eignaleið III - Blandað safn	1.000.000	0,04%	400	1.000.400	-3,53%	88	1.000.312	-3,54%
	Kvika Eignaleið IV - Vaxtarsafn	1.000.000	-4,25%	-42.500	957.500	-7,67%	0	957.500	-7,67%
	Kvika Eignaleið V - Hlutabréfasafn	1.000.000	-8,86%	-88.600	911.400	-12,11%	0	911.400	-12,11%
	Kvika - Eldgjá	1.000.000	-7,01%	-70.100	929.900	-10,33%	0	929.900	-10,33%
	Kvika - Heimur	1.000.000	11,16%	111.600	1.111.600	7,19%	24.552	1.087.048	4,82%

Fjármagnstekjuskattur kemur aðeins til greiðslu við innlausn hlutdeildarskírteina sjóða.

Velkomin/n í...

• skemmtilegan skyldusparnað
45% af skyldusparnaði í séreignarsjóð, nokkurs konar skemmtisjóð fyrir seinni hálfleik

• val um ávöxtun
hægt að velja á milli sjö ávöxtunarleiða

• sjóðfélagalýðræði
eingöngu sjóðfélagar í stjórn, kosnir af sjóðfélögum

• allt að 85% lán og skattfrjáls sparnaður
fyrir fyrstu fasteign

• einstaka upplýsingagjöf
á sjóðfélagavef og heimasíðu

Velkomin/n í Almenna - Lífsverk



Helgi Þ. Arason,
framkvæmdastjóri Landsbréfa.



		Höfuðstóll í upphafi árs	Nafn- ávöxtun í % 2025	Ávöxtun kr.	Höfuðstóll í árslok	Raun- ávöxtun í % 2025	Fjármagns- tekjuskattur 22%	Höfuð- stóll eftir fjármagns- tekjuskatt í árslok	Raun- ávöxtun eftir skatta í % 2025
VIRKNI REIKNINGS	HEITI REIKNINGS								
Skuldabréfasjóðir	Landsbréf - Sparibréf stutt hs.	1.000.000	8,27%	82.700	1.082.700	4,40%	18.194	1.064.506	2,65%
	Landsbréf - Sparibréf meðallöng hs.	1.000.000	7,28%	72.800	1.072.800	3,45%	16.016	1.056.784	1,91%
	Landsbréf - Sparibréf plús hs.	1.000.000	7,10%	71.000	1.071.000	3,28%	15.620	1.055.380	1,77%
	Landsbréf - Sparibréf óverðtryggð hs.	1.000.000	6,86%	68.600	1.068.600	3,04%	15.092	1.053.508	1,59%
	Landsbréf - Sparibréf verðtryggð hs.	1.000.000	6,41%	64.100	1.064.100	2,61%	14.102	1.049.998	1,25%
	Landsbréf - Markaðsbréf hs.	1.000.000	8,50%	85.000	1.085.000	4,63%	18.700	1.066.300	2,82%
	Landsbréf - Markaðsbréf sértryggð hs.	1.000.000	7,62%	76.200	1.076.200	3,78%	16.764	1.059.436	2,16%
	Landsbréf - Veltubréf hs.	1.000.000	7,98%	79.800	1.079.800	4,12%	17.556	1.062.244	2,43%
	Landsbréf - Veltubréf plús hs.	1.000.000	8,36%	83.600	1.083.600	4,49%	18.392	1.065.208	2,72%
	Landsbréf - Fyrirtækjaskuldabréf hs.	1.000.000	8,44%	84.400	1.084.400	4,57%	18.568	1.065.832	2,78%
Blandaðir sjóðir	Landsbréf - Eignadreifing langtíma hs.	1.000.000	-10,18%	-101.800	898.200	-13,39%	0	898.200	-13,39%
	Landsbréf - Eignadreifing vöxtur hs.	1.000.000	-6,82%	-68.200	931.800	-10,15%	0	931.800	-10,15%
	Landsbréf - Eignadreifing virði hs.	1.000.000	-3,64%	-36.400	963.600	-7,08%	0	963.600	-7,08%
	*Landsbréf - Eignadreifing varðærin hs.	1.000.000	3,05%	30.500	1.030.500	-0,63%	6.710	1.023.790	-1,28%
	Landsbréf - Eignadreifing sjálfbær hs.	1.000.000	0,86%	8.600	1.008.600	-2,74%	1.892	1.006.708	-2,92%
	*Landsbréf - Eignadreifing erlend hs.	1.000.000	1,39%	13.900	1.013.900	-2,23%	3.058	1.010.842	-2,52%
Sjóðir Einkabanka- þjónustu	Landsbréf - Einkabréf A hs.	1.000.000	8,03%	80.300	1.080.300	4,17%	17.666	1.062.634	2,47%
	Landsbréf - Einkabréf B hs.	1.000.000	3,66%	36.600	1.036.600	-0,04%	8.052	1.028.548	-0,82%
	Landsbréf - Einkabréf C hs.	1.000.000	-0,54%	-5.400	994.600	-4,09%	0	994.600	-4,09%
	Landsbréf - Einkabréf D hs.	1.000.000	-2,95%	-29.500	970.500	-6,41%	0	970.500	-6,41%
	Landsbréf - Einkabréf E hs.	1.000.000	3,23%	32.300	1.032.300	-0,46%	7.106	1.025.194	-1,14%
Hlutabréfasjóðir	Landsbréf - Úrvalsbréf hs.	1.000.000	-9,04%	-90.400	909.600	-12,29%	0	909.600	-12,29%
	Landsbréf - Öndvegisbréf hs.	1.000.000	-13,03%	-130.300	869.700	-16,14%	0	869.700	-16,14%
	Landsbréf - Hekla hs.	1.000.000	-15,62%	-156.200	843.800	-18,63%	0	843.800	-18,63%
Kauphallarsjóðir	Landsbréf - LEQ UCITS ETF hs.	1.000.000	0,24%	2.400	1.002.400	-3,34%	528	1.001.872	-3,39%
Alþjóðleg hlutabréf (EUR)	Landsbréf - Nordic 40 hs.	1.000.000	1,94%	19.400	1.019.400	-1,70%	4.268	1.015.132	-2,11%
Alþjóðleg hlutabréf (ISK)	Landsbréf - Global Equity Fund hs.	1.000.000	4,94%	49.400	1.049.400	1,19%	10.868	1.038.532	0,15%
Alþjóðleg hlutabréf (USD)	Landsbréf - Global Portfolio hs.	1.000.000	15,92%	159.200	1.159.200	11,78%	35.024	1.124.176	8,40%

* Landsbréf - Eignadreifing erlend hs. = Hét áður Landsbréf Global Multi Asset Fund hs.

Örn Þorsteinsson,
framkvæmdastjóri Akta.

		Höfuðstóll í upphafi árs	Nafn- ávöxtun í % 2025	Ávöxtun kr.	Höfuðstóll í árslok	Raun- ávöxtun í % 2025	Fjármagns- tekjuskattur 22%	Höfuð- stóll eftir fjármagns- tekjuskatt í árslok	Raun- ávöxtun eftir skatta í % 2025
VIRKNI REIKNINGS	HEITI REIKNINGS								
Ríkisskuldabréfasjóðir	Akta Ríki	1.000.000	8,99%	89.900	1.089.900	5,10%	19.778	1.070.122	3,19%
Innlend skuldabréf	Akta VaxtaTækifæri	1.000.000	9,38%	93.800	1.093.800	5,47%	20.636	1.073.164	3,48%
Alþjóðleg skuldabréf	Akta VaxtaVeröld	1.000.000	7,51%	75.100	1.075.100	3,67%	16.522	1.058.578	2,08%
Blandaðir sjóðir	Akta Alviðra	1.000.000	-3,64%	-36.400	963.600	-7,08%	0	963.600	-7,08%
Innlend hlutabréf	Akta Stokkur	1.000.000	-22,85%	-228.500	771.500	-25,60%	0	771.500	-25,60%
Lausafjár sjóðir	Akta Lausafjár sjóður	1.000.000	9,03%	90.300	1.090.300	5,14%	19.866	1.070.434	3,22%

Fjármagnstekjuskattur kemur aðeins til greiðslu við innlaun hlutdeildarskírteina sjóða.

Jón Finnbogason,
framkvæmdastjóri Stefnis



		Höfuðstóll í upphafi árs	Nafn- ávöxtun í % 2025	Ávöxtun kr.	Höfuðstóll í árslok	Raun- ávöxtun í % 2025	Fjármagns- tekjuskattur 22%	Höfuð- stóll eftir fjármagns- tekjuskatt í árslok	Raun- ávöxtun eftir skatta í % 2025
VIKIRNI REIKNINGS	HEITI REIKNINGS								
Ríkisskuldabréfasjóðir	Stefnir - Ríkisbréfasjóður óverðtryggtur hs.	1.000.000	7,60%	76.000	1.076.000	3,76%	16.720	1.059.280	2,15%
	Stefnir - Ríkisskuldabréf verðtryggt hs.	1.000.000	5,91%	59.100	1.059.100	2,13%	13.002	1.046.098	0,87%
	Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur hs.	1.000.000	6,45%	64.500	1.064.500	2,65%	14.190	1.050.310	1,28%
	Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður langur hs.	1.000.000	5,72%	57.200	1.057.200	1,95%	12.584	1.044.616	0,73%
Innlend skuldab. og innlán	Stefnir - Skuldabréfaval hs.	1.000.000	8,09%	80.900	1.080.900	4,23%	17.798	1.063.102	2,51%
	Stefnir - Lausafjár sjóður hs.	1.000.000	7,92%	79.200	1.079.200	4,07%	17.424	1.061.776	2,39%
	Stefnir - Sparifjár sjóður hs.	1.000.000	8,19%	81.900	1.081.900	4,33%	18.018	1.063.882	2,59%
	Stefnir - Vaxtasjóður hs.	1.000.000	7,64%	76.400	1.076.400	3,80%	16.808	1.059.592	2,18%
	Stefnir - Sjálfbær skuldabréf hs.	1.000.000	7,32%	73.200	1.073.200	3,49%	16.104	1.057.096	1,94%
Blandaðir sjóðir	Stefnir - Samval hs.	1.000.000	-4,18%	-41.800	958.200	-7,60%	0	958.200	-7,60%
	Stefnir - Grænaval hs.	1.000.000	1,49%	14.900	1.014.900	-2,13%	3.278	1.011.622	-2,45%
Sjóðir Premíu	Premía A - skuldabréfasafn hs.	1.000.000	6,24%	62.400	1.062.400	2,45%	13.728	1.048.672	1,12%
	Premía B - hámark 25% hlutabréf hs.	1.000.000	2,80%	28.000	1.028.000	-0,87%	6.160	1.021.840	-1,46%
	Premía C - hámark 50% hlutabréf hs.	1.000.000	-0,41%	-4.100	995.900	-3,97%	0	995.900	-3,97%
	Premía D - hámark 75% hlutabréf hs.	1.000.000	-1,65%	-16.400	983.600	-5,15%	0	983.600	-5,15%
Sjóðir Premíu hlutabréf	Premía E - hlutabréfasafn hs.	1.000.000	-5,25%	-52.500	947.500	-8,63%	0	947.500	-8,63%
	Premía F - erlent safn hs. (ISK)	1.000.000	0,81%	8.100	1.008.100	-2,79%	1.782	1.006.318	-2,96%
Hlutabréfasjóðir	Stefnir - Innlend hlutabréf hs.	1.000.000	-8,11%	-81.100	918.900	-11,39%	0	918.900	-11,39%
	Stefnir - Arðgreiðslusjóður hs. (arðsleiðrétt vísitil.)	1.000.000	5,49%	54.900	1.054.900	1,72%	12.078	1.042.822	0,56%
	Stefnir - Arðgreiðslusjóður hs.	1.000.000	1,01%	10.100	1.010.100	-2,60%	2.222	1.007.878	-2,81%
	Stefnir - Innlend hlutabréf Vogun hs.	1.000.000	-7,14%	-71.400	928.600	-10,46%	0	928.600	-10,46%
Alþjóðleg hlutabréf (uppreiknað í ISK)	Katla Fund - Global Equity	1.000.000	-6,69%	-66.900	933.100	-10,02%	0	933.100	-10,02%
	Stefnir - Sustainable Arctic Fund hs.	1.000.000	0,95%	9.500	1.009.500	-2,65%	2.090	1.007.410	-2,86%
	Stefnir - Scandinavian Fund ESG hs.	1.000.000	4,07%	40.700	1.040.700	0,35%	8.954	1.031.746	-0,51%
Alþjóðleg hlutabréf (mv. grunnmynt sjóðs EUR)	Katla Fund - Global Equity	1.000.000	-8,84%	-88.400	911.600	-12,09%	0	911.600	-12,09%
	Stefnir - Sustainable Arctic Fund hs.	1.000.000	-1,35%	-13.500	986.500	-4,87%	0	986.500	-4,87%
	Stefnir - Scandinavian Fund ESG hs.	1.000.000	1,70%	17.000	1.017.000	-1,93%	3.740	1.013.260	-2,29%

Fjármagnstekjuskattur kemur aðeins til greiðslu við innlausn hlutdeildarskírteina sjóða.



Séreignasjóðirnir skipta miklu máli og hvetja til sparnaðar.

Eignir lífeyrissjóðanna nálgast 9 þúsund milljarða – 2,6% raunávöxtun í fyrra


Landssamtök lífeyrissjóða áætla að raunávöxtun íslenskra lífeyrissjóða hafi verið 2,6% í fyrra bæði í samtryggingu og séreign. Eignir lífeyrissjóðanna eru að nálgast 9 þúsund milljarða, skv. tölum frá Seðlabanka Íslands og nema um tvöfaldri landsframleiðslu.

Áætlunin um ávöxtunina í fyrra byggist á vegnu meðaltali alls eigna-safns íslenskra lífeyrissjóða. Endanlegar tölur verða birtar þegar ársreikningar sjóðanna liggja fyrir síðar á árinu.

Þetta er heldur minni raunávöxtun en árið áður, 2024, þegar hún var 6,5% en það var auðvitað býsna gott ár. Árin þar á undan voru fremur erfið eða raunávöxtun upp á 0,5% árið 2023 og -12,0% árið 2022. Hins vegar var árið 2021 einstaklega gott ár, með raunávöxtun upp á 10,4%.

ÁVÖXTUN ALLRA LÍFEYRISSJÓÐA ÁRIÐ 2025

Árið 2025 Allir lífeyrissjóðirnir:	Árið 2024 Allir lífeyrissjóðirnir:	Árið 2023 Allir lífeyrissjóðirnir:	Árið 2022 Allir lífeyrissjóðirnir:	Árið 2021 Allir lífeyrissjóðirnir:
2,60%	6,50%	0,50%	-12,00%	10,40%



LSR og Lífeyrissjóður verslunarmanna eru stærstu lífeyrissjóðirnir.

Lífeyrissjóðirnir eiga 3.700 milljarða í hlutabréfum erlendis.



Ellilífeyrisþegar á Íslandi eru í kringum 60 þúsund talsins. Þar af fá um 40 þúsund greiðslur frá bæði lífeyrissjóðum og Tryggingastofnun; 15 þúsund eingöngu frá lífeyrissjóðum og um 1.300 eingöngu frá TR.

2,6% raunávöxtun séreignasjóða. Heldur minni en í fyrra Raunávöxtun allra séreignasjóðanna nam sem fyrr segir um 2,6% á síðasta ári. Hún var svolítið misjöfn eftir sjóðum, eins og sjá má í meðfylgjandi töflu.

Heildareignir lífeyrissjóða nálgast 9 þúsund milljarða - þar af eignir erlendis upp á 3,7 þúsund milljarða; sem eru að mestu í hlutabréfum Lífeyrissjóðakerfið á Íslandi er mjög sterkt. Heildareignir lífeyrissjóðanna voru í desember sl. tæplega 8,9 þúsund milljarðar króna. Innlendir eignir námu 5,2 þúsund milljörðum og eignir sjóðanna erlendis námu 3,7 þúsund milljörðum (um 42%), skv. tölum frá Seðlabanka Íslands. Eignirnar erlendis eru nánast allar í hlutabréfum og hlutdeildar-skirteinum verðbréfasjóða.

Barnasprengjukynslóðin (1946 – 1964) á eftirlaun Hin fjölmenna barnasprengjukynslóð (fólk fætt 1946 – 1964) er meira og minna komin á eftirlaun. Fyrir vikið reynir mjög á að lífeyrissjóðakerfið sé sterkt og að einstaklingar eigi sjálfir eitthvert skotsilfur í ellinni í formi peningalegs sparnaðar.

Núna er staðan sú að fimm eru á vinnumarkaði á móti einum sem er á eftir-launum í lífeyrissjóði. Og hlutfall þeirra sem eru á eftirlaunum mun halda áfram að vaxa og því spáð að árið 2060 verði aðeins tveir á vinnumarkaði á móti einum í lífeyrissjóði. Þíramíðinn er svo sem ekki kominn á hvolf – en þessi hlutföll reyna mjög á kerfið.

Tæplega 500 milljarðar í greiðslu lífeyris á ári Fjöldi ellilífeyrisþega á Íslandi er yfir 60 þús. talsins. Lífeyrissjóðir greiða um 275 milljarða kr. út í lífeyri á ári (elli-, maka- og örorkulífeyri) og TR, Tryggingastofnun ríkisins, um 220 milljarða í elli- og örorkulífeyri á ári. Alls gerir þetta um 495 milljarða kr. greiðslu á ári til ellilífeyrisþega og öryrkja. Sparnaður einstaklinga og sterkt lífeyrissjóðakerfi er því alger forsenda þess að fólk hafi það þökkalegt í ellinni.

LSR og Lífeyrissjóður verslunarmanna stærstu sjóðirnir Fjórir lífeyrissjóðir skera sig úr í stærð. Stærstir eru LSR með eignir upp á 1.700 milljarða og Lífeyrissjóður verslunarmanna með eignir upp á um 1.500 milljarða. Næstir koma Gildi og Birta. – JGH



Tryggingastofnun greiðir um 100 milljarða á ári í örorkulífeyri. Fjöldi örorkulífeyrisþega er um 20 þúsund og hver fær því að jafnaði um 5 milljónir á ári.

ÁVÖXTUN SÉREIGNASJÓÐA 2025

LSR-séreignasjóðir 2025

Heiti	Nafn-ávöxtun	Raunávöxtun 2025	Raunávöxtun 2024	Raunávöxtun 2023
Leið 1	6,33%	2,53%	8,60%	2,75%
Leið 2	7,27%	3,44%	6,86%	0,12%
Leið 3	5,49%	1,72%	2,18%	0,67%
Tilgreind séreign	6,08%	2,29%	6,26%	

LÍFEYRISSJÓÐUR verslunarmanna 2025

Guðmundur Þór Þórhallsson, frkvstj. Lífeyrissjóðs verslunarmanna.

Heiti	Nafn-ávöxtun	Raunávöxtun 2025	Raunávöxtun 2024	Raunávöxtun 2023
Verðbréfareið	6,90%	3,10%	7,30%	0,50%
Ævileið 1	8,10%	4,30%	7,80%	-0,70%
Ævileið 2	8,00%	4,10%	5,70%	-1,90%
Ævileið 3	8,30%	4,40%	3,20%	-1,90%
Samtrygging	7,00%	3,20%	7,30%	0,50%

Íslenski lífeyrissjóðurinn 2025

Ólafur Páll Gunnarsson, frkvstj. Íslenska lífeyrissjóðsins.

Heiti	Nafn-ávöxtun	Raunávöxtun 2025	Raunávöxtun 2024	Raunávöxtun 2023
Líf 1	3,55%	-0,15%	6,28%	-0,19%
Líf 2	4,53%	0,80%	5,54%	-0,51%
Líf 3	5,26%	1,50%	4,84%	-1,06%
Líf 4	7,98%	4,12%	2,76%	-2,55%
Samtrygging	4,43%	0,70%	5,53%	-0,73%

FRJÁLSI lífeyrissjóðurinn 2025

Arnaldur Loftsson, frkvstj. Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Heiti	Nafn-ávöxtun	Raunávöxtun 2025	Raunávöxtun 2024	Raunávöxtun 2023
Frjálsi 1	5,80%	2,00%	8,10%	0,30%
Frjálsi 2	7,00%	3,20%	6,00%	-0,70%
Frjálsi 3	8,60%	4,70%	4,10%	-2,00%
Frjálsi áhætta	6,00%	2,20%	10,50%	0,40%

ALMENNI lífeyrissjóðurinn 2025

Gunnar Baldvinsson, frkvstj. Almenna lífeyrissjóðsins.

Heiti	Nafn-ávöxtun	Raunávöxtun 2025	Raunávöxtun 2024	Raunávöxtun 2023
Ævisafn 1	6,20%	2,40%	8,70%	3,20%
Ævisafn 2	6,30%	2,50%	7,40%	2,40%
Ævisafn 3	6,60%	2,80%	5,00%	1,30%
Samtrygging	6,10%	2,30%	7,40%	2,20%
Ríkissafn	6,90%	3,10%	2,70%	-0,50%
Innlánasafn	5,80%	2,00%	1,70%	0,60%
Skuldabréfasafn	8,50%	4,60%	2,30%	-0,20%
Erl. verðbréfasafn	5,00%	1,30%		

Eignarhlutur lífeyrissjóða í skráðum félögum í Kauphöllinni er um 40%.



Eigið fé heimila vegna eigna í íbúðum jókst um 300 milljarða milli ára.“

Hagstofan:

Íbúðaverð hækkar mun meira en lánin

Texti: Jón G. Hauksson

Það er fróðlegt að skoða á vef Hagstofunnar hvernig eignir og skuldir heimilanna þróast. Eignir heimilanna í íbúðum voru um 10 þúsund milljarðar í árslok 2024 og íbúðalán um 2.500 milljarðar. Eigið fé í íbúðum hækkaði um 300 milljarða milli ára. Verð íbúða heldur því áfram að hækka umfram lánin og nemur eigið fé heimila í íbúðum um 7.500 milljörðum. Þetta er skv. skattskýrslum. Innlán í bönkum voru 1.400 milljarðar í árslok 2024 en núna í upphafi 2026 er rætt um að þau séu komin í um 1.800 milljarða króna. Það vekur líka athygli að bílafloti landsmanna er metinn á um 500 milljarða króna og aka langflestir ennþá á bensín- og dísilbílum, en um 80% bílaflotans nota þá orkugjafa og ljóst að bílaflotanum verður ekki skipt út á nokkrum árum. Rafbílar eru um 10% skráðra ökutækja. — JGH

Flestir á bensín- og dísilbílum

Heimilin aka ennþá að langmestu leyti á **bensín- og dísilbílum**.

Rafbílum fjólgar en eru ennþá aðeins um **10%** af öllum bílaflotanum.

Fjöldi ökutækja á skrá eftir orkugjafa

Orkugjafi	Fjöldi ökutækja
Bensín	172,886
Dísil	151,424
Rafmagn	40,103
Vélafasa	39,705
Tengingarnet	28,638
Hýðni	21,538
Annar	3,450
Metan	1,803
Bensín/Pöppan	2

Bensín og dísilbílar eru ennþá um 80% bílaflotans. Rafbílar eru 10%.

- Íbúðir heimila **hækka** mun meira í verði en lánin.
- Markaðsvirði íbúða um **10 þúsund milljarðar** – íbúðalán um **2.500 milljarðar kr.**
- Heimilin eiga **156 þúsund** íbúðir.
- Eigið fé heimila í íbúðum er um **7.500 milljarðar**.
- Eigið fé heimila hækkar um **300 milljarða kr.** milli ára.
- Heimilin eiga **770 milljarða** í verðbréfum.
- Innlán heimila í bönkum um **1.800 milljarðar kr.**
- Bílafloti heimila metinn á **500 milljarða kr.** og verður ekki skipt hratt út!
- Rafbílar eru um **10%** skráðra ökutækja heimilanna.
- Fasteignamat **2026** endurspeglar markaðsvirði fasteigna í febrúar **2025**.
- Fasteignamat hækkar um **9,2%** á milli ára.





Magnús Harðarson, forstjóri kauphallarinnar Nasdaq Iceland.

Kauphöllin:

Ánægjulegir kraftar almennings leystust úr læðingi við söluna á Íslandsbanka

Magnús Harðarson, forstjóri kauphallarinnar Nasdaq Iceland, segir að eitt af því sem stóð upp úr á síðasta ári í Kauphöllinni sé aukinn áhugi almennings á hlutabréfum og að það hafi verið ánægjulegt að sjá hvernig áhugi og ekki síst afl almennings hafi birst við söluna á Íslandsbanka.

Texti: Jón G. Hauksson Myndir: Aðsendar

Það kom svo sem ekki á óvart að margir einstaklingar skyldu hafa áhuga á lokaútboðinu í Íslandsbanka en að almenningur skyldi hreinlega gleypa það allt; 90 milljarða útboð, stærsta hlutfjárútboð Íslandssögunnar – það kom svo sannarlega ánægjulega á óvart. Það hafði verið lögð mikil vinna í að útfæra útboðið og liðka til fyrir þátttöku erlendra aðila sem höfðu sýnt útboðinu áhuga. En þarna leystust úr læðingi kraftar sem sýndu okkur hvað almenningur getur verið mikið afl á markaðnum,“ segir Magnús Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, um eitt það áhugaverðasta sem gerðist í Kauphöllinni á síðasta ári; lokaútboðið á Íslandsbanka.

Það hafði vissulega myndast talsverð stemning í kringum útboðið og flestir áttu von á að almenningur sýndi því áhuga en þó ekki svona mikinn. Fyrir útboðið áttu 29 þúsund einstaklingar hlut í skráðum félögum en 47 þúsund einstaklingar eftir það. Þannig að þarna komu 18 þúsund einstaklingar inn sem nýir hluthafar á hlutabréfamarkaðnum.

– Gefur þetta ekki á vissan hátt væntingar um að fleiri fyrirtæki sjái sér leik á borði og hugi að skráningu fyrst þarna undir niðri leynist þetta mikla afl almennings ef góðir kostir koma inn á borðið? Verð bréfa í bankanum hefur sömuleiðis hækkað verulega frá útboðinu!

„Alveg tvímælalaust. Mörg félög hafa lýst því yfir að þau séu í skráningarhugleiðingum en tímasetningar á nýjum útboðum og nýskráningum er hins vegar erfiðara að segja eitthvað til um. Markaðsaðstæður hafa verið erfiðar undanfarið og þá getur verið góður tími fyrir félög að undirbúa sig og styrkja innviðina. Með því eru þau betur í stakk búin til að bregðast hratt við ef tækifæri myndast á markaðnum. Við förum því af stað með námskeið í nóvember sem nefnist Nasdaq Iceland IPO Akadémían og þar er þátttaka mjög góð.

En fyrst við erum að ræða um almenning og það afl sem þar býr undir þá liggur fyrir að einstaklingar eiga 1.800 milljarða kr. inni á innlánsreikningum í bönkunum þannig að horft til þess þá var útboð Íslandsbanka upp á 90 milljarða aðeins 5% af innstæðum almennings sem gefur okkur svolitla mynd af stöðunni og hvaða orka er þarna til staðar – og óbeisluð ef maður má orða það þannig.

Sé horft til næstu tveggja til þriggja ára þá er engin ástæða til annars en vera bjartsýnn á fleiri skráningar og frekari þátttöku almenn-



Úrvalsvísitalan á síðasta ári. Hún féll í byrjun apríl – líkt og aðrar hlutabréfavisitölur í heiminum – og náði sér ekki almennilega á strik aftur.

ings. Ég tel að skráningaráhugi ýmissa fyrirtækja að undanfögnu tengist þessum áhuga almennings sem kom fram í útboði Íslandsbanka; maður finnur það í samtölum við forráðamenn fyrirtækja. Þetta afl sem þar kom fram er breyta sem hefur haft áhrif – og sannaði sig sem aldrei fyrr í þessu útboði.“

– Vextir hafa áhrif á verð eigna eins og hlutabréfa og húsnæðis. Þannig að komi til vaxtalækkana síðar á þessu ári þá hefur það augljós áhrif á skráningaráhuga fyrirtækja, ekki satt?

„Jú, ég tel svo vera; vaxtastigið og markaðsaðstæður ráða tímasetningum skráninga mikið, það er þarna ákveðið samspil í gangi. En fleira kemur til; eins og áhugi fjárfesta; staða fyrirtækjanna; hafa þau náð ákveðnum áföngum og markmiðum sínum í rekstri svo tími fyrir skráningu sé heppilegur? Nú, svo eru það þessar utanaðkomandi þjódhagsstærðir og aðstæður almennt í atvinnulífinu – og þar eru vextirnir hvað mikilvægastir.

Varðandi vextina þá má heldur ekki horfa fram hjá því að það er samkeppni á markaðnum á milli sparnaðarforma almennings – t.d. á milli innlánsreikninga bankanna og hlutabréfa. Þegar vextir eru háir og fólk að fá ágæta og örugga ávöxtun af innstæðum sínum í bönkunum verður samkeppni hlutabréfa við innlánsreikningana erfiðari. Þannig að það er margt sem ræður tímasetningum nýskráninga og hvenær fyrirtæki taka skrefið inn á markaðinn. En það ánægjulega er að uppbygging markaðarins hér á landi er stöðug og grunnurinn traustur – og þá er umsýslukerfi bankanna varðandi hlutabréfaviðskipti alltaf að batna og gera almenningi auðveldara fyrir að eiga viðskipti með hlutabréf,“ segir Magnús.

– Aðeins um þetta frekar. Hafa viðskipti einstaklinga aukist í Kauphöllinni svona almennt séð, þ.e fyrir utan Íslandsbankaútboðið?

„Já, það er vel merkjanlegt. Aukning í fjölda viðskipta með hlutabréf nam næstum 30% á síðasta ári en fjárhæðirnar lækkuðu á hinn bóginn í hverjum viðskiptum fyrir sig að jafnaði sem sýnir fyrst og fremst aukna hlutdeild einstaklinga á markaðnum en þó má geta þess að fjárhæðirnar sem þeir sýsla með eru líka að hækka.“

– Það kom fram í útboðinu í Íslandsbanka að erlendir fjárfestar hefðu haft áhuga á að kaupa og taka þátt í útboðinu en misstu af því. Hvað eru erlendir fjárfestar annars núna með stóran hlut í Kauphöllinni?

„Erlendir fjárfestar eru núna með um 6% hlut sem er minna en áður. En það segir ekki alla söguna því við höfum endurskoðað reikniaðferðina og horfum núna eingöngu á þau bréf erlendra fjárfesta sem eru á Íslandi og í umferð á íslenska markaðnum og styðja við hann. Þetta segir mest um áhrif þeirra hér á landi.“

– Þið hafið tekið þátt í tveimur ráðstefnum með Samtökum fyrirtækja í fjármálaþjónustu um það hvernig hægt sé að stækka hlutabréfamarkaðinn hér heima og fá fleiri einstaklinga inn á hann! Hvað bar þar helst á góma?

„Það var mjög góður samhljómur á þessum ráðstefnum og sneri að því meðal annars hvernig hægt sé að fá fleiri einstaklinga og erlenda fjárfesta inn á markaðinn hérlandis. Raunar mætti líka nefna þriðja hópinn sem gæti aukið hlut sinn en það eru hluta-

“
Einstaklingar eiga 1.800 milljarða kr. inni á innlánsreikningum í bönkunum þannig að horft til þess þá var útboð Íslandsbanka upp á 90 milljarða aðeins 5% af innstæðum almennings sem gefur okkur svolitla mynd af stöðunni og hvaða afl er þarna til staðar.“

“
Í Íslandsbankaútboðinu leystust úr læðingi kraftar sem sýndu okkur hvað almenningur getur verið mikið afl á markaðnum.“

bréfasjóðir verðbréfafyrirtækjanna því þeir eiga núna minna en einstaklingar, eða um 6%, sem er svipað og erlendu fjárfestarnir, á meðan einstaklingar eiga um 8% allra hlutabréfa í Kauphöllinni.

Á þessum ráðstefnum höfum við horft mikið til Svíþjóðar en markaðurinn þar er sá sterkasti á Norðurlöndunum. Hann hefur mikla og langa hefð og einstaklingar eru þar virkir þátttakendur. Hluti af þeirra hugmyndum hefur ákveðinn meðbyr núna hér á landi; t.d. að styðja við aukna aðkomu einstaklinga á markaðinn með svokölluðum fjárfestingar- og sparnaðarreikningum að fordæmi Svía sem bjóða upp á einfaldleika og skattaávilunum við kaup á hlutabréfum. Svíar tóku upp slíka reikninga árið 2012 sem hafa reynst mjög vel og eru mikið notaðir. Þessir reikningar eru núna um þriðjungur af landsframleiðslu Svíþjóðar. Það er því eðlilegt að við horfum talsvert til frænda vorra í Svíþjóð um það hvernig hægt sé að efla markaðinn hérlandis.

Svo eru hugmyndir um ráðstöfun viðbótarlífeyrissparnaðarins t.d. við kaup í hlutabréfasjóðum. Það gæti styrkt verðbréfasjóðina og aukið fjárfestingarmöguleika almennings verulega ef hægt væri að ráðstafa hluta af viðbótarlífeyrissparnaði eftir ákveðnum reglum í þá,“ segir Magnús Harðarson að lokum. – JGH



Það var ekki bara metþátttaka almennings í útboði Íslandsbanka heldur einnig í Íslandsbankahlaupinu sl. haust.



Kauphöllin NASDAQ ICELAND ÁRIÐ 2025:

Krefjandi ár vegna verðbólgu og hárra vaxta

„Árið 2025 var bæði viðburðaríkt og krefjandi fyrir íslenskan verðbréfamarkað,” segir **Finnbogi Rafn Jónsson**, framkvæmdastjóri viðskipta hjá Nasdaq Iceland. „Háir vextir og verðbólga settu svip sinn á hlutabréfamarkaðinn, en almenningur kom þó eins og stormsveipur inn á markaðinn í hlutafjárútboði Íslandsbanka, sem var án efa stærsti viðburður ársins. Í kjölfar útboðsins jókst þátttaka almennings enn frekar, sem styrkti dýpt og virkni markaðarins. Velta á skuldabréfamarkaði var góð á árinu og ávöxtun prýðileg en aðalvísitala skuldabréfa hækkaði um **7,5%**. Þrátt fyrir áskoranir skynjum við mikinn áhuga félaga á skráningu á markað og eygjum við nýskráningar á komandi ári sem gefur tilefni til aukinnar bjartsýni fyrir árið 2026.“

Umsjón: Jón G. Hauksson Mynd: Aðsend

ÚRVALSVÍSITALAN

- Úrvalsvísitalan lækkaði um **2,08%**
- Leiðrétt fyrir arðgreiðslum hækkaði hún um **0,4%**.

HEILDARVÍSITALAN

- Heildarvísitala Aðalmarkaðarins lækkaði um 8,97% á árinu og leiðrétt fyrir arðgreiðslum lækkaði vísitalan um 5,97%.

HEILDARVIÐSKIPTI

- Heildarviðskipti með hlutabréf á árinu námu **1.055** milljörðum borið saman við **1.251** milljarð árið áður. Veltan dróst því saman um **16%** milli ára.

MEST VIÐSKIPTI Í FJÁRHÆÐUM

- Íslandsbanki **252** milljarðar.
- Arion banki **119** milljarðar.
- Kviku banka **78** milljarðar.
- JBT Marel **73** milljarðar.
- Alvotech **62** milljarðar.

FJÖLDI VIÐSKIPTA

- Fjöldi viðskipta voru **124.007** (28% aukning).

OFTAST VIÐSKIPTI MEÐ BRÉF Í ÍSLANDBANKA

- Íslandsbanki, í **23.492** skipti.
- Alvotech, **19.533** skipti.
- Icelandair Group, **11.288** skipti.
- Arion banki, **9.814** skipti.
- Amaroq Minerals, **8.189** skipti.

MESTA HÆKKUN Á AÐALMARKAÐI

- Arion banki **21%**.
- Íslandsbanki **19%**.
- Festi **14%**.
- Hagar **10%**.
- JBT Marel **10%**.
- Reitir **10%**.

FIRST NORTH

- Sláturfélag Suðurlands **4%**.

Mesta hækkun 2025

Arion banki	21%
Íslandsbanki	19%
Festi	14%
Hagar	10%
JBT Marel	10%
Reitir fasteignafélag	10%
Siminn	8%
Oculus Holding	8%
Sildarvinnslan	5%

Mesta lækkun 2025

Amaroq	-0,3%
Nova Klúbburinn	-0,5%
Hampiðjan	-0,5%
Brim	-1%
Eik fasteignafélag	-2%
Iceland Seafood	-4%
Heimar	-5%
Ölgerðin	-5%
Skagi	-8%
Sjóvá-Almennar tryggingar	-9%
Ísfélag	-10%
Kvika banki	-10%
Skel fjárfestingafélag	-14%
Eimskipafélag Íslands	-29%
Icelandair Group	-39%
Sýn	-44%
Alvotech	-64%

SKRÁNINGAR

- BT Marel tekið til skráningar.
- Play afskráð.

MARKAÐSVIRÐIÐ LÆKKAÐI UM 22%

- Markaðsvirði skráðra hlutabréfa í Kauphöllinni var í árslok **2.534** milljarðar en hafði verið **3.249** milljarðar í lok árs 2024 og dróst því saman um **22%** milli ára.



Velta á skuldabréfamarkaði var góð á árinu og ávöxtun prýðileg en aðalvísitala skuldabréfa hækkaði um 7,5%. Þrátt fyrir áskoranir skynjum við mikinn áhuga félaga á skráningu á markað og eygjum við nýskráningar á komandi ári sem gefur tilefni til aukinnar bjartsýni fyrir árið 2026.“

Bíður
pín
heima

FORSTJÓRARNIR Í KAUPHÖLLINNI



JBT MAREL
Brian Deck
forstjóri




ALVOTECH
Róbert Wessman
forstjóri



OCULIS
Riad Sherif
forstjóri



AMAROQ
Eldur Ólafsson
forstjóri



HAMPAÐJAN
Hjörtur Erlendsson
forstjóri




ICELANDAIR
Bogi Nils Bogason
forstjóri



HEIMAR
Halldór Benjamín Þorbergsson
forstjóri




EIK
Hreiðar Már Hermannsson
forstjóri




KALDALÓN
Jón Þór Gunnarsson
forstjóri



EIMSKIP
Vilhelm Már Þorsteinsson
forstjóri



SÍMINN
María Björk Einarsdóttir
forstjóri



ICELANDIC SALMON
Björn Hembre
forstjóri



NOVA
Sýlvía Kristín Ólafsdóttir
forstjóri



HAGAR
Finnur Oddsson
forstjóri



ÖLGERÐIN
Andri Þór Guðmundsson
forstjóri



SÍLDARVINNSLAN
Gunnþór Ingvason
forstjóri



BRIM
Guðmundur Kristjánsson
forstjóri



ÍSFÉLAGIÐ
Stefán Friðriksson
forstjóri



KALDAVÍK
Vidar Aspehaug
forstjóri



KVIKA
Ármann Þorvaldsson
forstjóri



SJÓVÁ
Hermann Björnsson
forstjóri



FESTI
Ásta S. Fjeldsted
forstjóri



ARION
Benedikt Gíslason
forstjóri



ÍSLANDSBANKI
Jón Guðni Ómarsson
forstjóri



SÝN
Herdís Fjeldsted
forstjóri



SKAGINN
Haraldur Þórðarson
forstjóri




SKEL
Ásgeir Helgi Gylfason
forstjóri



ICE SEAFOOD
Egir Páll Friðbertsson
forstjóri



REITIR
Guðni Aðalsteinsson
forstjóri



KLAPPIR
Þorsteinn Svanur Jónsson
forstjóri

Skemmtilegt spjall um fjármál:

HVERNIG EYÐIR OG SPARAR Y-KYNSLÓÐIN?

Við félagarnir í *Hluthafaspjalli ritstjóranna* settumst niður með þremur fulltrúum Y-kynslóðarinnar til að ræða m.a. um fjármál, eyðslu, sparnað, kulnun, íbúðarkaup, billausan lífsstíl, nisku og að neita sér um hlutina! Hvernig hugsar annars Y-kynslóðin, fólk fætt á árunum 1980 til 1997?

Texti og myndir: Jón G. Hauksson

Við sögðumst vera risaeðlur og þær yrðu að taka okkur sem slíkum. Þannig hófst spjallið við þrjár eldhressar dömur af þúsaldarkynslóðinni, Y-kynslóðinni, um fjármál, sparnað, fjárfestingar og hvernig þessi kynslóð ræðir sín á milli um þessi mál. Nú, auðvitað læddust inn önnur mál og umræðan fór vítt og breitt um tíma, eins og gengur.

– Þið eruð engar risaeðlur að sjá, svöruðu þær strax, og hlógu dátt. Okkur leið betur með það.

Við tókum umræðuna á veitingahúsinu Snaps við Óðinstorg og gáfum okkur ágæt-an tíma yfir málsverði fyrir langt spjall. Þegar við vorum sest við borðið og ég horfði yfir veitingasalinn varð mér að orði: „Hér sýnist mér ekki vera *January-February-Edrúary*.“

Þær sögðu þá brandara af einum góðum sem misheyrði þetta illa með *Edrúary* – og heyrðist sagt „*Edrúár*“. „Það reyndi svolítið á kallinn það árið!“

Þetta fer vel af stað, hugsaði ég með mér. Létt yfir þessu.



UPPHAFID AÐ ÞESSU SPJALLI

Upphafið að þessu spjalli var að við vinnslu þessa blaðs langaði mig að vita hvernig þrjár ungar konur af þúsaldarkynslóðinni (millenníum-kynslóðinni, fólk fætt frá 1980 til 1997) og eru að nálgast fertugt ræða sín á milli um fjármál og ekki síður sparnað í amstri dagsins.

Það er vissulega þekkt meðal erlendra hagfræðinga að skilgreina kynslóðir og komast að því hvernig þær „hugsa“, hvernig kauphegðun þeirra sé, hvernig þær meta sparnað og fjárfestingar, í hvað þær eyða – og ekki síður hversu margir tilheyra hverri kynslóð. Allt er þetta gert í nafni hagrannsóknna.

Eftir smá leit frétti ég af þremur góðum vinkonum sem væru til í að ræða málin. Þetta voru þær Ásrún Magnúsdóttir, 37 ára danshöfundur, Kara Hergils Valdimarsdóttir, 38 ára menningarstjórnandi, og Berglind Pétursdóttir, 36 ára sjónvarps- og auglýsinga-kona; kunn sem Berglind Festival, rannsóknarblaðamaður í *Víkunni með Gísla Marteini*.

Áður en ég mætti til leiks hóaði ég í félaga minn í hlaðvarpsþættinum *Hluthafaspjall ritstjóranna*, Sigurð Má Jónsson, til að mæta og taka þátt í þessu með mér. Við erum af barnasprengjukynslóðinni miklu, (baby boom), sem er fólk fætt á árunum 1946 til 1964; stundum nefnd eftirstríðskynslóðin.

Sú kynslóð ólst upp þegar minna var til skiptanna; fátækt áberandi; barnmargar fjöl-skyldur; þjóðir heims að rífa sig upp í framleiðslu, hagvexti og viðskiptum eftir stríðið – og langflestar mæður unnu heima og sinntu börnum.

Y-KYNSLÓÐIN SÚ ÓHEPPNASTA?

Það hefur verið sagt um Y-kynslóðina að hún sé „óheppnasta kynslóðin“. Hún hefur orðið fyrir verulegum efnahagslegum truflunum frá því að hún fór út á vinnumarkaðinn, t.d. með netbólunni sem sprakk 2001; alþjóðlega bankahruninu 2008 og Covid-faraldrinum 2019. Hún hefur staðið frammi fyrir meira atvinnuleysi en kynslóðin sem kom á undan, þ.e. X-kynslóðin (1965-1980). Námslán

Það var fróðlegt að fá innsýn í umræðu Y-kynslóðarinnar og gaman að spjalla við þessar þenkjandi dömur á veitingastaðnum Snaps við Óðinstorg. Frá vinstri: Kara Hergils Valdimarsdóttir, 38 ára menningarstjórnandi, undirritaður, Ásrún Magnúsdóttir, 37 ára danshöfundur, Berglind Pétursdóttir, 36 ára sjónvarps- og auglýsingakona, kunn sem Berglind Festival, rannsóknarblaðamaður í Víkunni með Gísla Marteini, og Sigurður Már Jónsson, félagi minn í hlaðvarpinu Hluthafaspjall ritstjóranna.

Y-kynslóðarinnar taka sömuleiðis meira í þar sem hagvöxtur er hægari og efnahagslægðir tíðari.

En hvað um það – það var með þessar þælingar í farteskinu sem við mættum til leiks.

Sumir fá beina fjárhagsaðstoð frá foreldrum við að kaupa íbúð, jafnvel gjöf, eða lán svo hægt sé að sýna eitthvert eigið fé í byrjun gagnvart bönkunum.“

Annars eru það ef til vill öfugmæli að segjast kaupa sér íbúð, það má alveg eins kalla þetta að kaupa sér lán.“

Eyðslukló leitaði sér leiða til að skera niður útgjöld: „Það er verst að ég reyki ekki tvo pakka á dag, þá gæti ég tekið þá eyðslu út.“

Tómstundir eru orðnar mjög dýrar. Við skiljum ekki hvernig fólk fer að sem er með nokkur börn í íþróttum.“

Við tókum umræðuna á veitingahúsinu Snaps við Óðinstorg og gáfum okkur ágætan tíma yfir málsverði fyrir langt spjall.

Við erum kynslóð með börn og þungar afborganir og það má enginn við því að missa út einhverja mánuði í tekjum án þess að allt fari úr böndum.“

Það fór vel um okkur þarna við Óðinstorgið. Þægilegt andrúmsloft og talsvert af gestum.

VIÐ ERUM KALDASTRÍÐSMENN
Eftir ísbrjótinn með risaeðlurnar og karlinn sem lenti fyrir misskilningi í „eðrúari“ sagði ég mjög frumlega – já, þið eruð af millenníum-kynslóðinni, ekki satt? Eins og þær vissu það ekki.

Þær: „Jú, við erum kynslóðin með skjáinn fyrir framan okkur allan sólarhringinn,“ svör-uðu þær að bragði, hlējandi. „Við erum líka kynslóðin sem hefur lífað tímabil friðar, þar til núna,“ bættu þær við.

Ekki stóð á svarinu hjá okkur: Við erum kaldastríðsmenn. Þar sem óttinn var við vetnissprengjur og gjöreyðingarvopn; og hversu oft Sovétmenn og Bandaríkjamenn gætu tortímt hvorir öðrum.

(Ég hugsaði með mér: í hvaða átt stefna þessar umræður eiginlega; átti þetta ekki að vera skemmtilegt kvöld?)

En boltinn tók að rúlla og fjármálin komu til sögunnar.

– *Þið eruð miklar vinkonur; talið þið eitt-hvað um fjármál þegar þið hittist?*

Þær: „Nei, ekki mikið í þeim skilningi. Við deilum frekar reynslusögum þegar við lendum í óvæntum útgjöldum eða okkur finnst eitt-hvað orðið dýrt. Við eigum allar íbúð og

Upphafið að þessu spjalli var að við vinnslu þessa blaðs langaði mig að vita hvernig þrjár ungar konur af þúsaldarkynslóðinni, Y-kynslóðinni, ræða sín á milli um fjármál og sparnað í amstri dagsins.

erum með börn þannig að við getum dottið í pex um matarkörfuna og afborganir. Tuðum kannski yfir því að hafa farið í Bónus og eytt yfir 30 þús. kr. en finnst við ekki hafa keypt neitt. Erum örugglega ekki einar um þetta.“

AÐ KAUPA SÉR LÁN
– *Þið eigið allar íbúð!? Hvað með vaxta-umræðuna?*

Þær: „Jú, afborganirnar taka í og eru alltaf að þyngjast. Okkar kynslóð finnur fyrir því. Við vorum allar svo heppnar að kaupa okkar íbúðir fyrir þrítugt þannig að við náðum að komast inn á markaðinn – sem er mjög erfitt núna – og höfum að vissu marki notið þess líka að íbúðirnar hafa hækkað í verði og jafnvel meira en lánin þannig að það hefur orðið svolítið eignamyndun í íbúðunum.“

Þær: „Annars eru þetta ef til vill öfugmæli að segjast eignast eða kaupa íbúð, það má alveg eins kalla þetta að kaupa sér lán.“

– Kaupa sér lán! Vel orðað!

– *Hvað með muninn á verðtryggðum og óverðtryggðum lánum? Er það ekki eitthvað sem Y-kynslóðin hefur skoðun á?*

Þær: „Jú, eflaust. Það sem er erfiðast við verðtryggðu lánin í verðbólgunni er hvað þau hækka og hækka og allir upplifa það þannig að það gangi lítið á þau þrátt fyrir síhækkandi afborganir. Vissulega hafa íbúðirnar hækkað sömuleiðis. En okkur finnst einhvern veginn að launin hækki ekki alveg í sama takti og lánin. Óverðtryggð lán og engin verðbólga væri sjálfsagt best. En með þau lán er fólk líka að borga miklu meira í upphafi – og með börn í skóla og tómstundum verður þetta eiginlega öllum ofviða í brauðstritinu; og varla á sig leggjandi. Það nennir því varla nokkur maður; þótt skuldirnar greiðist hraðar upp – og það sjáist vissulega á eftirstöðvunum.“

– *Hversu mikil áhrif hefur öll þessi umræða um háa stýrivexti og að illa gangi að lækka þá vegna verðbólgunnar?*

Þær: „Hún er auðvitað svolítið niðurdrepandi þessi stýrivaxtaumræða og að illa gangi að ráða við verðbólguna. Það er talsverð óþolinmæði eftir vaxtalækkun og þegar lítið mjakast áfram í þá áttina hefur það sálræn áhrif; slær á bjartsýni, ýtir hugsanlega undir kvíða og þrengir að greiðslugetu margra.“

HJÁLP FRÁ FORELDRUM AÐ AUKAST
– *Það heyrist æ oftar að ykkar kynslóð fái hjálp frá foreldrum við fyrstu íbúðar kaup! Er það svo?*

Þær: „Já, það er að verða mjög algengt með einum eða öðrum hætti.“

– *Hvernig þá?*

Þær: „Sumir fá beina fjárhagsaðstoð, jafnvel gjöf, eða lán frá foreldrunum svo hægt sé að sýna eitthvert eigið fé í byrjun gagnvart bönkunum. Lán sem eru greidd til baka. Svo heyrum við að eitthvað sé um fyrirfram greiddan arf og sú leið sé eitthvað að aukast; allt er þetta til að komast inn á markaðinn – sem er svo erfitt. Við fengum allar smá aðstoð í upphafi frá foreldrum okkar.“

Þær: „Margir fá sömuleiðis að búa frítt heima í foreldrahúsum á háskólaárunum og þá í friu fæði – og fá afnot af bílum foreldranna. Það sparast mikið við að leigja ekki úti í bæ og safna miklum skuldum í námi; skuldir sem bíta í þegar fólk ætlar síðar að kaupa sína fyrstu íbúð þegar það er komið út á vinnumarkaðinn. Fólk er lengur í foreldrahúsum, þ.e. eftir að það er byrjað að vinna, og notar þá tímann til að leggja fyrir til íbúðar kaupa. Það er mikil hjálp í því.“

– *Þekkið þið eitthvað inn á innlánsreikninga bankanna og ávöxtunina sem þar er í boði?*

Þær: „Ekki mikið, en þó. Við heyrum að ýmsir bundnir reikningar í bönkunum skili ágætri ávöxtun þrátt fyrir verðbólguna. Við erum að safna fyrir stelpuferð og ein okkar stofnaði svona læstan reikning sem hefur verið að skila allt að 8% ávöxtun.“

„Heyrðu, það er bara að muna að losa hann í tæka tíð. (Mikið hlegið.) Við getum líka fylgst með öllum þessum reikningum í blaðinu þínu; þar er fínt yfirlit yfir þá og nauðsynlegt. Annars talandi um innlánsreikninga þá færist það í vöxt hjá okkar kynslóð að stofna verðtryggða framtíðarreikninga fyrir börnin þegar þau eru nýfædd þannig að allar pen-ingalegar gjafir fara þar inn og eru látnar ávaxtast. Þetta eru víst ágætir reikningar.“

ÍSLANDSBANKAÚTBODIÐ
– *Hafið þið eitthvað fjárfest í hlutabréfum?*

Þær: „Við fjárfestum allar í Íslandsbanka í útboðinu fyrir tæpu ári. Ekki mikið og ekki saman sem hópur en við prófuðum og þetta voru okkar fyrstu hlutabréfakaup á markaði.“

– *Hvað kom til?*

Þær: „Bara einhver stemning í samfélaginu um að þetta væri lítil áhætta og gengi bréf-anna væri hagstætt og á undirverði. Við fylgd-umst ekkert með þessu til að byrja með. En svo þegar bréfin tóku að hækka þá litum við oftar á stöðuna. Við sögðum svona eftir á í léttum dúr, fyrst bréfin höfðu hækkað svona mikið, að við sæjum eftir því að hafa ekki tekið massa-yfirdrátt og keypt stærri hlut og verið alvöru fjárfestar!“

Við: – Það er auðvelt að vera vitur eftir á. En það má ekki gleyma því að það tryggir enginn eftir á í hlutabréfakaupum og það hafa

menn fengið að reyna þegar bréf lækka og þeir verða fyrir tapi. Það er síurt og þá kárnar gamanið. Það er stundum sagt að það eigi aldrei að taka lán fyrir hlutabréfakaupum nema maður hafi efni á að tapa bréfunum. En sannast sagna var verðið í útboði ríkisins á bréfunum í bankanum þannig að þetta var svolítið borðleggjandi og líkurnar litlar á tapi – en hlutabréfakaupum fylgir alltaf áhætta, sögðum við hróðugir.

AÐ GREIÐA INN Á HÖFUÐSTÓLINN
Ef til vill var þetta of mikil speki, því þær sáu sér leik á borði og sneru óvænt taflinu við og spurðu okkur hvað við viðskiptablaðamennirnir gætum ráðlagt þeim í fjármálum og sparnaði!?

Við: – Já, þið meinið þegar stórt er spurt. Og svolitill spekingssvipur færðist yfir okkur og við byrjuðum með fyrirvara; eins konar neðanmálgrein. – Það er hægt að veita ráð en endanleg ábyrgð og ákvörðun er þess sem leitar ráða. Þetta á sérstaklega við um hluta-bréfakaup og fjárfestingar í verðbréfasjóðum, sögðum við hugsandi.

Jú, eitt gott ráð sem margir nefna er að greiða inn á höfuðstól íbúðalána annað slagið (eignamyndun) og lækka þannig skuldina og vaxtabyrðina síðar meir og „fá“ þannig í reynd hærri vexti á peninginn sem fer á innagreiðslu lánsins heldur en fæst með því að leggja hann í banka. Það er reyndar líka fínt að leggja reglulega inn á hlutdeildarsjóði (verðbréfasjóði) ef fólk vill taka meiri áhættu en dreifa samt áhættunni. Svo er það að fjárfesta beint í hlutabréfum. Nú, margir reikningar í bönkunum eru mjög áhugaverðir og ágætt að hafa þá læsta; bundna, svo ekki sé endalaust hægt að kroppa í þá. Þeir hafa verið að gefa ágæta nafnávöxtun undanfarin ár.

NOKKUR RÁÐ TIL AÐ SPARA
Þær: „*En hvað með sparnaðinn – lumið þið á einhverjum trixum þar?*“

Nú, besta en erfiðasta leiðin í sparnaði – og margir nota með góðum árangri – er að leggja fyrst til hliðar, t.d. 150 þús. til 300 þús. kr. á mánuði, og setja inn á læstan reikning sem ekki er hægt að snerta og „lifa svo á afganginum“.

Við: – Ætli það sé ekki bara þetta gamla góða; að geta neitað sér um neyslu; neitað sér um einn hlut í nútíð til að geta með vöxtum átt tvo slíka hluti í framtíðinni. Neitað sér um dýrar utanlandsferðir; dýrar merkjavörur eins og í fatnaði og bílum. Það kostar að glansa og vera snobbaður, eins og maðurinn sagði. Nú, það er dýrt að fara á veitingahús og reikn-ingarnir þar geta orðið hærri en lagt var upp með í byrjun kvölds. Ef til vill er sniðugt að draga úr vinahittingi á veitingahúsum og drekka óáfengt þegar það á við, svo ekki þurfi að splæsa í dýran leigubíl heim. Sumir hugsu dæmið þannig að ef þeir neita sér um eitthvað fyrir 20 þús. kr. þá sé næsta ferð í Bónus upp á 20 þús. „ókeypis“.

Svo kom einn fimmaura frá okkur um mann-inn sem sagði í miklu eyðslusjokki þegar hann leitaði leiða til að skera niður útgjöld: „Það er verst að ég reyki ekki tvo pakka á dag, þá gæti ég tekið þá eyðslu út.“

Við: – Nú, svo er það sparnaðurinn sem felst í því að láta aðra borga, t.d. vinnu-veitandann. Fólk reynir þá að aka á bíl frá vinnuveitandanum og þótt það fái hlunn-indatekjur, sem borgaðir eru skattar af, þá losnar viðkomandi við að kaupa bíl og taka dýrt bílalan og sparar þar með vexti og fjár-magnskostnað. Nú, þetta með að láta aðra borga: sumt ungt fólk, sem er búið að kaupa sér íbúð, flytur aftur heim í foreldrahús, tímabundið, jafnvel með börn, og leigir þá íbúðina sína út á meðan. Semsé: heim aftur



TÍU GÓÐ RÁÐ TIL AÐ SPARA

- Greiðið inn á höfuðstól íbúðalána annað slagið (eignamyndun) og lækkið þannig skuldina og vaxtabyrðina síðar meir.
- Besta en erfiðasta leiðin í sparnaði – og margir nota með góðum árangri – er að leggja fyrst til hliðar og „lifa svo á afganginum“. Þessi leið veldur pirringi og krefst mikillar samheldni hjá hjónum.
- Þetta gamla góða, að geta neitað sér um neyslu; neitað sér um einn hlut í nútíð til að geta með vöxtum átt tvo slíka hluti í framtíðinni.
- Neita sér um dýrar utanlandsferðir; dýrar merkjavörur eins og í fatnaði og bílum. Það kostar að glansa og vera snobbaður.
- Það er dýrt að fara á veitingahús og reikningarnir þar geta orðið hærri en lagt var upp með í byrjun kvölds. Ef til vill er sniðugt að draga úr vínahittingi á veitingahúsum og drekka óáfengt þegar það á við, svo ekki þurfi að splæsa í dýran leigubíl heim.
- Sumir hugsa dæmið þannig að ef þeir neita sér um eitthvað fyrir 20 þús. kr. þá er næsta ferð í Bónus upp á 20 þús. „ókeypis“.
- Nú, svo er það sparnaðurinn sem felst í því að láta aðra borga, t.d. vinnuveitandann. Fólk reynir þá að aka á bíl frá vinnuveitandanum og þótt það fái hlunnindatekjur, sem borgaðir eru skattar af, þá losnar viðkomandi við að kaupa bíl og taka dýrt bílalán og sparar þar með vexti og fjármagnskostnað.
- Nú, þetta með að láta aðra borga: sumt ungt fólk, sem er búið að kaupa sér íbúð, flytur aftur heim í foreldrahús, tímabundið, jafnvel með börn, og leigir þá íbúðina sína út á meðan.
- Frádrátturinn á launaseðlinum sem fer í lífeyrissjóði og séreignarsparnaðurinn er helsti sparnaðurinn hjá flestum. Við hvetjum alla til að greiða í séreignarsparnað – og fá þannig aukasparnað á móti frá vinnuveitandanum. Þetta er mjög mikilvægur sparnaður en séreignarsparnaðurinn rennur skattfrjálst inn á íbúðalán við fyrstu kaup.
- Munið, það er mikilvægt að vera nískur á eigin kostnað, en ekki annarra, geta neitað sér um hlutina. Þeir eru óþolandi sem „gleyma alltaf veskinu heima“ þegar þarf að borga.

og láta foreldrana borga. Sérstök leið – og örugglega oft á tíðum erfið.

Við: – Nú, besta en erfiðasta leiðin í sparnaði – og margir nota með góðum árangri – er að leggja fyrst til hliðar, t.d. 150 þús. til 300 þús. kr. á mánuði, og setja inn á læstan reikning sem ekki er hægt að snerta og „lifa svo á afganginum“ eins og sagt er. Þá reynir auðvitað verulega á að geta neitað sér um hlutina og hert sultarólina. Það þarf að vera mikil samheldni hjá hjónum með þessa leið því hún getur valdið pirringi. En hún er auðvitað andstæðan við að leyfa sér og njóta, en finna svo aldrei „afganginn“ eftir á til að leggja fyrir. Þetta með aðhaldssemina; það er mikilvægt að vera nískur á eigin kostnað, en ekki annarra, þeir eru óþolandi sem „gleyma alltaf veskinu heima“ þegar þarf að borga.

Og svo mundum við eftir þessu: Svo má auðvitað ekki gleyma því að afborganir af lánum eru sparnaður. Að visu þvingaður og eftir á. Þá er frádrátturinn á launaseðlinum, sem fer í lífeyrissjóðina og séreignarsparnaðurinn, helsti sparnaðurinn hjá flestum. Við hvetjum ykkur til að greiða í séreignarsparnað – og fá þannig aukasparnað á móti frá vinnuveitandanum. Þetta er mjög mikilvægur sparnaður og hefur nýst mörgum við íbúðakaup en séreignarsparnaðurinn rann skattfrjálst inn á íbúðalán til loka síðasta árs en gildir núna eingöngu við kaup á fyrstu íbúð.

(ATH. Heimild til að ráðstafa séreignarsparnaði inn á lán eða vegna íbúðakaupa var til loka árs 2025 og hefur ekki verið framlengd. Annað sambærilegt úrræði fyrir fyrstu kaupendur er enn í gildi.)

Við: – Fyrst við erum að tala um sparnað og þið eruð með börn, við heyrum að tómstundir og íþróttir séu orðnar dýrar hjá barnafólki og taki verulega í. Hvað segið þið um það?

Þær: „Tómstundir eru orðnar mjög dýrar. Við skiljum ekki hvernig fólk fer að sem er með nokkur börn í íþróttum. Hver önn kostar kannski 110 þús. kr. Tónlistarskólarnir eru enn dýrari, sem og dans og fimleikar. Það er einhver frístundastyrkur en hann vegur engan veginn upp í þessi útgjöld. Þá kosta leikskólarnir sitt þegar fólk er með börn á þeim aldri.

Í sparnaði þarf að geta neitað sér um neyslu, eins og dýrar utanlandsferðir og ferðir á veitingahús; dýrar merkjavörur í fatnaði og bílum. Það kostar að glansa.

„Fæstir nenna billausum lífsstíl. Og það er nánast útilokað fyrir ungt fólk í úthverfunum sem er á fullu í vinnu að vera billaust. Líklegast þarf það að eiga tvo bíla frekar en einn.“

Á venjulegum tekjum er því ekki hægt að veita sér allt og hvað þá leggja fyrir á sama tíma.“

BÍLLAUS LÍFSSTÍLL
– *Vel á minnst, þetta með billausa lífsstílinn, á ykkar kynslóð auðvelt með að tileinka sér hann þegar krafan er að skottast með börn og unglinga um allt?*

Þær: „Það er mjög erfitt að vera án bíls, nánast útilokað nema hafa aðgang að bíl, t.d. hjá vinum eða ættingjum þegar mikið liggur við. Fæstir nenna billausum lífsstíl. Og það er nánast útilokað fyrir ungt fólk í úthverfunum sem er á fullu í vinnu að vera billaust. Líklegast þarf það að eiga tvo bíla frekar en einn. Enda sjáum við alla umræðuna um kröfur fólks um bílastæði. Íbúðir án bílastæða seljast varla.“

Ein þeirra, sem býr miðsvæðis í borginni, skaut þá inn í og sagðist lifa slíkum lífsstíl og ferðaðist um á hjóli og það væri ekki ógerlegt. „Það þarf bara ákveðið hugarfar og þá verður þetta mjög frelsandi og auðvelt.“

– *Það er mikið rætt um kulnun hjá ykkar kynslóð og að hlutfall veikindadaga sé að snarhækka! Hvað segið þið um það vandamál?*

KULNUN OG SÍPREYTA
Þær: „Þetta er orðið miklu algengara í umræðunni; kulnun, kvíði, þreyta og jafnvel einhvers konar leiði. En við finnum ekki fyrir kulnun; sem betur fer.“

– *Getur verið að ástæðan sé sú að ungt fólk sé með of marga bolta á lofti, sé að vasast í of miklu á álagstímum seinni partinn; er sjálft í ræktinni, hitta vinina, með börnin í íþróttum, tónlist eða dansi; nú og svo taka samfélagsmiðlarnir mikinn tíma?*

Þær: „Jú, eflaust. Allt sem þið teljið upp veldur örugglega stressi; að ætla sér um of. En við höldum að starfið og ánægja í vinnu hafi líka mikið að segja. Ef það er leiðinlegt í vinnunni, erfiður yfirmaður og lélegur vinnuandi leiðir það til vanlíðunar. Það gerir það líka ef fólk er einfaldlega ekki á réttri hillu í starfi. Svo hefur þetta áhrif á hjónabandið og sambandið verður erfiðara. Þetta hleður

utan á sig. Það fylgir því líka mikil streita að eignast börn með skömmu millibili og vera á sama tíma í mikilli vinnu til að láta enda ná saman.“

– Þið nefnið hjónabandið, það þarf að vera í lagi. Hvilík formlegheit. Ég komst ekki lengra.

Þær: (Mikill hlátur). „Við höfum enga þolinmæði fyrir leiðinlegum karlmönnum, svo mikið er víst.“

– Við svöruðum því strax til að við værum mjög ánægðir með þá þolinmæði sem þær hefðu sýnt okkur í þessu spjalli yfir borðhaldinu.

FJÁRMÁLAKVÍÐI
– En svona í blálokin barst talið að fjármálakvíða sem hefur raunar fylgt öllum kynslóðum, Y-kynslóðinni ekkert frekar en öðrum.

Þær: „Er ekki fjármálaöryggi eitthvað sem allir vilja og þrá? Þannig að eflaust veldur óvissa í fjármálum kvíða innst inni hjá öllum. Á okkar aldri gengur þetta jú út á að vera í ágætu og öruggu starfi. Við erum kynslóð með börn og þungar afborganir og það má enginn við því að missa út einhverja mánuði í tekjum án þess að allt fari úr böndum. Flestir

eru í þessu frá mánuði til mánaðar og eiga fullt í fangi með að láta enda ná saman.“

– *Svo er það annars konar fjármálakvíði; sögðu þær, það er þegar fólk missir sig í eyðslu og sér eftir öllu saman. Þekkja það ekki allir?*

Við: – Jú, jú, við þekkjum það. Við vorum uppi fyrir tíma kreditkortanna þegar sungið var um gulu miða Gleðibankans. Svo komu kortin og Visa-rað, eins og það hét á sínum tíma. Það þurfti víst að borga af því líka. Þeir í Spaugstofunni sálugu gerðu oft grín að umframkeyrslu um jólin og fjármálakvíða eftir hátíðarnar þegar allir í móralskasti tóku til við að spara; þeir Spaugstofumenn klipptu kortin sín í beinni – sögðum við hróðugir og töldum okkur góða.

Þegar þarna var komið áttuðum við okkur á því að við vorum aðeins farnir út af sporinu og ekki alveg á sömu blaðsíðu og þessar bráðskemmtilegu og þenkjandi dömur og því best að setja punktinn aftan við þetta góða kvöld og fína spjall.

Spaugstofan og gulir miðar! Hvað kæmi eiginlega næst frá okkur? Að segja þeim að við myndum þjóðfundinn 1851?

Takk dömur, þetta var skemmtilegt! – JGH



Skjátíminn er langur hjá Y-kynslóðinni eins og öðrum kynslóðum.



Það er vissulega þekkt meðal erlendra hagfræðinga að skilgreina kynslóðir og komast að því hvernig þær „hugsa“, hvernig kauphegðun þeirra sé, hvernig þær meta sparnað og fjárfestingar, í hvað þær eyða – og ekki síður hversu margir tilheyra hverri kynslóð. Allt er þetta gert í nafni hagrannsóknna.


Y-KYNSLÓÐIN – óheppnasta kynslóðin?

Það hefur stundum verið sagt um Y-kynslóðina að hún sé „óheppnasta kynslóðin“. Hún hefur orðið fyrir verulegum efnahagslegum truflunum frá því að hún fór út á vinnumarkaðinn, t.d. með netbólunni sem sprakk 2001; bankahruninu 2008 og Covid-faraldrinum 2019. Hún hefur staðið frammi fyrir meira atvinnuleysi en kynslóðin sem kom á undan, þ.e. X-kynslóðin (1965-1980).

Námslán Y-kynslóðarinnar eru meira íþyngjandi því hagvöxtur er hægari og efnahagslægðir tíðari en áður. Y-kynslóðin hefur brugðist við og búið lengur í foreldrahúsum, frestað um einhver ár að ganga í hjónaband eða sambúð, eignast færri börn og seinna og á fjárhagslega erfiðara með að

eignast sína fyrstu íbúð. En þetta er líka kynslóðin sem metur frítíma og áhugamál meira, er með marga bolta á lofti í frítímanum, auk þess sem samfélagsmiðlarnir taka sinn tíma. Í ofanálág tekst hún á við auknar áskoranir vegna óánægju í starfi, þreytu og kulnun.

Auðvitað er þessi nálgun með kynslóðirnar viss staðalímynd sem hagfræðingar hafa sett til að nálgast hagrannsóknir sínar og einnig til að meta fjöldann sem tilheyrir hverri kynslóð fyrir sig. Það var með þessar pælingar í farteskinu sem við mættum galvaskir á fund þessara hressu, þriggja vinkvenna til að ræða um fjármál og sparnað. Það var skemmtilegt.



BARNASPRENGJUKYNSLÓÐIN (BABY BOOM) 1946-1964

Við Sigurður erum af barnasprengjukynslóðinni miklu (baby boom), sem er fólk fætt á árunum 1946 til 1964; stundum nefnd eftirstríðskynslóðin. Á þessum tíma varð sprenging í fæðingu barna. Þessi kynslóð ólst upp þegar minna var til skiptanna, fátækt áberandi, barnmargar fjölskyldur, þjóðir heims að rífa sig upp í framleiðslu og viðskiptum eftir stríðið - og langflestar mæður unnu heima og sinntu börnunum. Segja má að bylting hafi orðið í kringum 1970 til 1975 þegar konur fóru í stórauðnum mæli út á vinnumarkaðinn og tekjur heimila jukust við það til muna: t.d. fóru að sjást tveir bílar fyrir utan heimili og hugtakið frúarbíll varð til.

SVONA ERU KYNSLÓÐIRNAR SKILGREINDAR EFTIR FÆÐINGARÁRUM – fólk fætt á þessum árum

Þögl kynslóðin: 1925-1945 – Barnasprengjukynslóðin: 1946-1964 – X-kynslóðin: 1965-1980 – Y-kynslóðin: 1980-1996
Z-kynslóðin: 1997-2012 – Alfa-kynslóðin: 2013-



Kynntu þér málið

Hafðu það gott eftir vinnu

- Góð langtímaávöxtun
- Þrjár ávöxtunarleiðir
- Húsnæðislán fyrir fyrstu kaupendur
- Allt að 9,5% séreign með tilgreindri séreign og séreignarsparnaði
- Greiðsluhlé lána í fæðingarorlofi
- Áfallavernd í fremstu röð
- Makalífeyrir til 23 ára aldurs yngsta barns
- Ábyrgar fjárfestingar fyrir betri framtíð

Bókaðu tíma með ráðgjafa á live.is



Lífeyrissjóður
verzlunarmanna



Heiðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu, SFF.

Bankakerfið og umhverfi þess:

Um 80% bankakerfisins er í eigu almennings

Um 80% bankakerfisins eru í eigu almennings með beinum eða óbeinum hætti. Lífeyrissjóðirnir eru stærstu hluthafar í Arion, Íslandsbanka og Kviku og Landsbankinn er að mestu í eigu ríkisins – og einstaklingar eiga núna 28% í Íslandsbanka.

Texti: Jón G. Hauksson Myndir: Aðsendar.

Heiðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu, SFF, segir að bankakerfið hér á landi sé sterkt, hafi sýnt mikinn stöðugleika og sé vel í stakk búið til að sinna bæði einstaklingum og fyrirtækjum. Bankar séu nauðsynlegir sem traustur bak-hjarl fyrir allt samfélagið og gangverk þess. Hún segir ennfremur að um 80% banka-kerfisins séu í eigu almennings með beinum eða óbeinum hætti en lífeyrissjóðirnir eru

stærstu hluthafar í þremur bankanna, auk þess sem Landsbankinn er að 98% í eigu ríkisins – og afkoma þeirra renni því að mestu til almennings. Þess má geta að einstaklingar eiga núna 28% í Íslandsbanka eftir útboðið sl. sumar.

Heildareignir viðskiptabankanna fjögurra nema rúmum 6 þúsund milljörðum kr. en útlán bankanna – sem er helsta eign þeirra og vegur þyngst í efnahagsreikningnum – er í kringum 5 þúsund milljarðar.

BANKARNIR MEÐ 855 MILLJARÐA Í EIGIÐ FÉ

Hagnaður viðskiptabankanna fjögurra eftir skatta á síðasta ári nam 100 milljörðum og eigið fé þeirra var 855 milljarðar kr. í árslok – sem er um 11,7% arðsemi eiginfjár. Þetta sýnir vel hve góða afkomu þarf til að ná arðsemi af svo miklu eigin fé. Fram hefur komið að þótt hagnaður bankanna sé vissulega há fjárhæð þá er arðsemin ekki meiri en gengur og gerist í ýmsum greinum atvinnulífsins.



Svinn Markus Mild, sérfræðingur hjá Nasdaq í Stokkhólmi, á nýlegri ráðstefnu sem SFF og Nasdaq Iceland héldu.

Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu eru ekki bara bankarnir fjórir. Aðildarfélögin eru tuttugu og fimm talsins. Þetta eru bankarnir, verðbréfafyrirtækin, tryggingafélögin, lána-sjóður sveitarfélaga, nokkrir sparisjóðir og minni fjármálafyrirtæki. Lífeyrissjóðirnir eru ekki þarna innanborðs.

STERKIR BANKAR NAUÐSYNLEGUR BAKHJARL

Að sögn Heiðrúnar leggur SFF áherslu á að kynna fjármálaþjónustu sem atvinnugrein og hversu mikilvæg hún er fyrir samfélagið og gangverk þess. „Við getum sagt að öflug og góð fjármálaþjónusta sé sterkur bakhjarl einstaklinga og viðskiptalífsins og hún snýst ekki einvörðungu um innlán og útlán heldur greiðsluþjónustu, hlutabréfaviðskipti og að einfalda sem flestum að sinna sínum fjármálum af öryggi.“

Heiðrún segir ennfremur að traust og skilvirk fjármálaþjónusta skipti miklu í nútíma hagkerfi og umsvif banka og fjármálafyrirtækja skili sér með ýmsu móti aftur til samfélagsins. „Þannig runnu yfir 100 milljarðar króna af starfsemi viðskiptabankanna fjögurra á síðasta ári til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða í formi skattgreiðslna og arðgreiðslna til aðaleigenda bankanna.



Heiðrún segir að traust og skilvirk fjármálaþjónusta skipti miklu í nútíma hagkerfi og umsvif banka og fjármálafyrirtækja skili sér með ýmsu móti aftur til samfélagsins.

ÁHERSLA Á FJÁRMÁLALÆSI UNGS FÓLK

Heiðrún segir að SFF standi fyrir ýmsum viðburðum á hverju ári og leggi mikla áherslu á að bæta fjármálalæsi hjá ungu fólki. „Þetta er ekki aðeins skemmtilegt verkefni, sem við stöndum fyrir og veitir okkur mikla ánægju, heldur er það ekki síður mikilvægt.“

„Þeim mun fyrr sem ungt fólk fær tilfinningu fyrir fjármálum og temur sér aga í þeim því betra. Þau eru í foreldrahúsum en allt kostar og ungt fólk hefur mjög gott af því að vita hvað hlutirnir kosta þegar verið er að reka heimili. Mörg þeirra vinna með námi og verða að kunna að lesa út úr launaseðlinum. Þá leggjum við mikla áherslu á að þau tileinki sér sparnað og láti fé sitt ávaxtast.“

FJÁRMÁLALÆSI – UMFERÐAR-REGLUR UNGA FÓLKINS


Svo segir hún með áherslu: „Við hleypum ekki börnunum okkar út í umferðina án þess að kunna umferðarreglurnar. Eins er þetta með fjármálalæsið sem við lítum á sem nauðsynlegar „umferðarreglur“ til að styðjast við þegar út í lífið er komið og tekist á við það á eigin vegum. Um 90% ungmenna segjast hafa viljað læra meira um fjármál í grunnskóla, og einungis um 11% segjast hafa lært um fjármál í grunnskóla. Við leggjum mikla áherslu á að fjármálalæsi verði gert að skyldufagi í

Bankarnir í árslok 2025	Tölur í milljörðum króna			
	Eigið fé	Heildareignir (Efnahagsreikn)	Eiginfjárlutfall	Hagn. e. skatta
Landsbankinn...	344 mkr.	2.324 mkr.	14,8%	38 mkr.
Íslandsbanki.....	225 mkr.	1.728 mkr.	13,0%	25 mkr.
Arion banki.....	217 mkr.	1.756 mkr.	12,3%	31 mkr.
Kvika.....	69 mkr.	343 mkr.	20,1%	6 mkr.
SAMTALS.....	855 mkr.	6.151 mkr.	13,9%	100 mkr.
Arðsemi eigin fjár 11,7%				

Eigið fé bankanna er 855 milljarðar kr. og það þarf talsvert til að ná góðri arðsemi af þeirri fjárhæð.

Um 100 milljarðar til lífeyrissjóða og hins opinbera á árinu 2025	Arðgreiðslur:	
	Til lífeyrissjóða:.....	22,4 mkr.
Til ríkissjóðs:	18,5 mkr.	
Tekjuskattur:.....	28,0 mkr.	
Sértækir bankaskattar:.....	18,2 mkr.	
Annað: Skatttekjur af launum starfsfóks og tryggingagjöld.....	12,9 mkr.	
Samtals:	100,0 milljarðar kr.	

Bankarnir greiddu um 100 milljarða á síðasta ári til lífeyrissjóða, sveitarfélaga og ríkisins.



Markus Mild frá Nasdaq í Stokkhólmi á ráðstefnu SFF og Kauphallarinnar. Hlutabréfamarkaðurinn í Svíþjóð er sá langöflugasti á Norðurlöndum.

grunnskólum, og kennt með heildrænum og samræmdum hætti. Það verður að jafna stöðu allra barna er kemur að því að byggja upp heilbrigðan fjárhag.“

NETSVIK VAXANDI VANDAMÁL

Þá hafi samtökin einnig lagt mikla áherslu á baráttuna gegn netsvikum sem sé vaxandi viðfangsefni í hinum stafræna heimi. Samtökin hafa reglulega staðið fyrir herferðum með það að markmiði að vekja athygli almennings á hættunni á netsvikum. „Það er mikilvægt að vera ávallt á varðbergi í hinum stafræna heimi enda finna svikahóparnir, sem oft eru hluti af skipulagðri glæpastarfsemi, sífellt nýjar leiðir til að reyna að hafa fê af fólki.“



AÐ AUKA SPARNAD OG STÆKKA HLUTABRÉFAMARKAÐINN

Heiðrún segir að SFF hafi mikinn áhuga á að stækka hlutabréfamarkaðinn og auka þátttöku almennings á honum og finna leiðir til að það megi verða. Einnig að almenningur hafi meira val í sínum sparnaði.

„Við höfum haldið tvær ráðstefnur með kauphöllinni Nasdaq Iceland, með skömmu milli-bili. Sú seinni, sem haldin var nýlega bar yfirskriftina: Kraftmeiri sparnaður í seilingar-fjarlægð? Við horfum sérstaklega til Svía í þessum efnum en hlutabréfamarkaðurinn í Svíþjóð er sá langöflugasti á Norðurlöndum. Svíar eru mjög virkir í viðskiptum með hluta-bréf. Þess vegna fengum við hingað góðan



Heiðrún segir að samtökin hafi lagt mikla áherslu á baráttuna gegn netsvikum sem sé vaxandi viðfangsefni í hinum stafræna heimi.



Svíar eru mjög virkir í viðskiptum með hlutabréf.

gest frá Nasdaq í Stokkhólmi á ráðstefnuna, Markus Mild, og ræddi hann þar meðal annars um sérstaka fjárfestingarreikninga fyrir einstaklinga; form sem hefur reynst vel í Svíþjóð. Reikningarnir voru teknir upp árið 2012, en í dag nemur sparnaður Svía inni á þeim um þriðjung af landsframleiðslu Svíþjóðar. Meðal annars má nefna að á þessum reikningum njóta einstaklingar skattaívilnunar sem hefur reynst mjög vel,“ segir Heiðrún að lokum. – JGH

Ánægja er að veita góða þjónustu

Sjóvá hefur verið efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvuginni 9 ár í röð.



Karen Rut Robertsdóttir
Viðskiptavinur og starfsmaður
Sjóvá til 4 ára



SJÓVÁ



Fulltrúar allra sigurvegara í Íslensku ánægjuvuginni.



Verðlaunahafar Stjórnunarverðlauna Stjórnvísi 2026. Frá vinstri: Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, sem afhenti verðlaunin, Helga Halldórsdóttir, mannauðsstjóri Arion banka, Óttar Örn Sigurbergsson, framkvæmdastjóri Elko, Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto á Íslandi, Vilhelm Þorsteinsson, forstjóri Eimskips, Salóme Guðmundsdóttir, form. dómnefndar, og Þór Sigfússon, stjórnarformaður Íslenska sjávarklasans.

Verðlaunahafar hjá Stjórnvísi

Það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með hinu öfluga starfi hjá Stjórnvísi sem er stærsta stjórnunarfélag landsins með fjölda fyrirtækja og félagsmenn innanborðs. Félagið verðlaunar jafnan í byrjun árs það sem vel er gert og er um tvenns konar verðlaun að ræða. Þau fyrri, niðurstöður úr viðtækri könnun Íslensku ánægjuvogarinnar, eru veitt í janúar og þau síðari í febrúar en þar er um Stjórnunarverðlaun Stjórnvísi að ræða. Gunnhildur Arnardóttir er framkvæmdastjóri Stjórnvísi.

Texti: Jón G. Hauksson Myndir: Aðsendar.

Annað árið í röð reyndist Indó með mesta stigafjöldann í könnuninni með 84,76 stig sem er mjög hátt og vel gert. Sjóvá, Byko, Nova og Krónan hafa verið á þessum lista í áratæðir og skorað hátt. Costco tók sviðið í könnuninni á eldsneytismarkaðnum þegar það fór inn á þann markað. Undanfarin ár hafa Dropp, Indó og Elko komið sterk inn.

Segja má að framkvæmdastjóri Elko, Óttar Örn Sigurbergsson, hafi staðið í ströngu á sviðinu hjá Stjórnvísi því Elko skoraði hæst á sviði raftækjaverslana í Ánægjuvuginni og þar tók Óttar á móti verðlauninum ásamt nokkrum starfsmönnum Elko. Hann fékk síðan Stjórnunarverðlaun Stjórnvísi sem millistjórnandi ársins ásamt Helgu Halldórsdóttur, mannauðsstjóra Arion banka. Það var Vilhelm Þorsteinsson, forstjóri Eimskips, sem fékk Stjórnunarverðlaun Stjórnvísi í flokki forstjóra, æðstu stjórnenda. Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto á Íslandi, fékk Heiðursverðlaun Stjórnvísi og verðlaunin í flokki frumkvöðuls ársins komu í hlut Þórs Sigfússonar, stjórnarformanns Íslenska sjávarklasans.

Sigurvegarar ánægjuvogarinnar 2025 – Gullhafar

Indó	84,7 stig	Bankar
Dropp	83,9 stig	Póstþjónusta
Costco eldsneyti	81,3 stig	Eldsneyti
Elko	77,1 stig	Raftæki
Ikea	76,9 stig	Húsgögn
Sjóvá	72,9 stig	Tryggingar
Nova	72,7 stig	Fjarskipti
Krónan	72,7 stig	Matvara

Vinningshafar í sinni atvinnugrein 2025 – Blátt merki

Efstu fyrirtæki á mörkuðum þar sem ekki var marktækur munur á efsta og næstefsta sæti fá einnig viðurkenningu fyrir góðan árangur, en þá er veitt blátt merki.

Lyfjaver	79,0 stig	Apótek
Tokyo sushi	75,7 stig	Skyndibitastaðir
A4	73,8 stig	Ritföng
Byko	69,6 stig	Byggingavörur
ON	69,4 stig	Raforkusala
Kringlan	67,4 stig	Verslunarmiðstöðvar



Forstjóri ársins; Vilhelm Már Þorsteinsson, forstjóri Eimskips.



Í flokki heiðursverðlauna; Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto á Íslandi.



Indó hæst í Ánægjuvuginni. Hjördís Elsa Ásgeirsdóttir, markaðsstjóri Indó.



Lára Hrafnisdóttir, markaðsstjóri Sjóvá, þakkaði fyrir hönd Sjóvá, en félagið hefur verið efst í sínum flokki í þessari könnun til margra ára.



Millistjórnandi ársins; Helga Halldórsdóttir, forstöðumaður hjá Arion banka.



Millistjórnandi ársins; Óttar Örn Sigurbergsson, framkvæmdastjóri Elko.



Óttar Örn Sigurbergsson framkvæmdastjóri Elko, tók á móti tvennum verðlaunum frá Stjórnvísi með skömmu millibili. Hér tekur hann við verðlaunum Elko í Íslensku ánægjuvuginni frá Gunnhildi Arnardóttur, framkvæmdastjóra Stjórnvísi.



Athafnamaður, rithöfundur og höfundur Latabæjar; líflægur Magnús Scheving á sviðinu.

Viðskiptaping haldið í Borgarleikhúsinu:

Fullt hús og frábær stemning

Það var fullt hús og frábær stemning á Viðskiptapingi sem haldið var 12. febrúar sl. í Borgarleikhúsinu. Þetta er einn stærsti viðburðurinn í atvinnulífinu á hverju ári þar sem saman er komið helsta áhrifafólk í íslensku viðskiptalífi. Að þessu sinni var kastljósinn beint að því hvernig menning, viðhorf og gildi leggja grunninn að langtímaárangri Íslands undir yfirskriftinni Áttaviti fyrir Ísland.



Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, og Andri Þór Guðmundsson, formaður Viðskiptaráðs.



Heiðar Guðjónsson, hagfræðingur og fjárfestir, Friðrik Sophusson, fyrrverandi fjármálaráðherra og forstjóri Landsvirkjunar, og Ásta Fjeldsted, forstjóri Festi



Birna Ósk Einarsdóttir, forstjóri Húsasmiðjunnar.



Akademias heiðrar Tryggva Pálsson

Stjórnunar- og viðskiptaskólinn Akademies heiðraði á dögunum Tryggva Pálsson, fyrrverandi bankastjóra, fyrir mikilvægt framlag til góðra stjórnarhátta á Íslandi. Þetta er í annað sinn sem þessi viðurkenning er veitt en Benedikt Jóhannesson fékk hana í fyrra.

Eyþór Ívar Jónsson frá Akademias og Tryggvi Pálsson, fyrrverandi bankastjóri.

Íslandsbanki



Fyrir þína fjárhagslegu heilsu

GAMALL DRAUGUR

Lokaorðið hefur **Bolli Héðinsson**, formaður Samtaka sparifjáreigenda, sem varar hér eindregið við alls kyns kaupaukakerfum til stjórnenda fjármálafyrirtækja.



Bolli Héðinsson, formaður Samtaka sparifjáreigenda.

Samtök sparifjáreigenda hafa eftir mætti reynt að standa gegn þeirri auknu ásælni stjórnenda fyrirtækja að bæta launakjör sín (sem þó eru víða ærin fyrir) með alls kyns kaupaukakerfum. Samtökin vara t.d. eindregið við lagabreytingum sem lúta að hækkun á hámarki kaupauka til starfsmanna fjármálafyrirtækja.

Liðið er hátt á annan áratug frá hruni íslenska fjármálakerfisins. Til að læra af því voru m.a. teknar saman og gefnar út skýrslurnar: „*Aðdragandi og orsakir að falli íslensku bankanna ...*“ og „*Aðdragandi og orsakir erfiðleika og falls sparisjóðanna*“

auk fleiri skýrslna. Báðum þessum skýrslum er sammerkt að að stærstum hluta má rekja hrun fjármálakerfisins til þeirrar græðgisvæðingar sem ríkti á íslenskum fjármálamarkaði á árunum fyrir hrun og ef eitthvað eitt kynti undir græðgisvæðingunni þá voru það kaupaukarnir sem stóðu starfsmönnum til boða.

Eins og málum háttar nú þá eru helstu hluthafar stærstu fjármálafyrirtækjanna, ríkissjóður og lífeyrissjóðir, hvort tveggja sjóðir sem starfa í almannabágu.“

Ótrúlegustu röksemdum teft fram

Vert er að minna á að meðal þess sem haldið var fram um mikilvægi kaupauka í aðdraganda hrunsins var að ef riflegir kaupaukar væru ekki í boði þá væri svo hætt við að erlendar fjármálastofnanir sæktu í íslensku fjármálamennina og lokkuðu þá til sín (sic!).

Eftir á að hyggja hefði það verið gæfa íslenska fjármálakerfisins ef það hefði orðið raunin en ekki er vitað um nein tilfelli þess að erlendar fjármálastofnanir hafi í aðdraganda hrunsins reynt að fá íslenska bankamenn til starfa. Kaupaukana fengu þeir aftur á móti skilyrðislaust án þeirrar „yfirvofandi hættu“ að erlendir bankar sæktust eftir starfskröftum þeirra.



FRÁ FUNDUM SAMTAKA SPARIFJÁREIGENDA.

Bolli Héðinsson formaður, Snædis Ögn Flosadóttir, Arion banka, og Georg Lúðvíksson, Spesíu, á fundi í janúar sl. um kostnaðinn við að spara.

Kaupaukar eru í eðli sínu ekki annað en fjármunir sem verða til með rekstri fyrirtækja og eiga því með réttu að

renna til viðskiptavina (í tilfelli banka í formi hærri innlánsvaxta eða lægri kostnaðar) eða þá til eigenda fyrirtækjanna, hluthafanna. Eins og málum háttar nú þá eru helstu hluthafar stærstu fjármálafyrirtækjanna, ríkissjóður og lífeyrissjóðir, hvort tveggja sjóðir sem starfa í almannabágu.

Reynslubolti talar

Því er vert að minna á viðtal við fyrrverandi framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins Gildis sem birtist í tímaritinu Íslenskir lífeyrissjóðir 1. tbl. 2024. Þar segir:

„Við lögðum áherslu á að kaupaukar, kaupréttir, bónusar eða hvað sem menn vilja kalla það, að þessar greiðslur séu settar í samhengi við föst laun viðkomandi. Það á ekki að greiða einhverjum tíu milljónir á mánuði og síðan aukalega ef hann stendur sig vel. Ef þú fæðir svona há laun, þá áttu að standa þig vel, það á ekki að þurfa að verðlauna það frekar.“



Kristrún Heimisdóttir, stjórnarm. í Samtökum sparifjáreigenda.



Gylfi Zoëga prófessor.


Bolli Héðinsson, formaður Samtaka sparifjáreigenda.



Framleiðum allar helstu gerðir af öskjum, bókum, límmiðum og almennu prentverki.

Núna bjóðum við einnig upp á bylgjukassa, bréfpoka og margar aðrar umbúðalausnir.

Umhverfisvænn
kostur fyrir þig!



Reykjavík
Selfoss
Akureyri

5 600 600
4 821 944
4 600 700

sala@prentmetoddi.is
selfoss@prentmetoddi.is
akureyri@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is





Byggjum upp öflugt eignasafn

Náðu þínum markmiðum
með Einkabankþjónustu

Við erum betri saman

